Enn hópur sem sendir jólakort

Tímamót ➤ 12

Hildigunnur fer á tvíæringinn

Menning ➤ 18

FRÉTTABLAÐIÐ

268. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FÖSTUDAGUR 9. DESEMBER 2022

Þorskstofninn í hættu vegna loftslagsbreytinga

Fordæmalausar breytingar í hafinu umhverfis landið. Prófessor telur að þorskurinn gæti skaðast, möguleg tækifæri í makríl og sardínum.

bth@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL „Ég held að það megi búast við breytingum á fiskveiðistofnum umhverfis Ísland, fækkun tegunda, til dæmis þorsks sem vill vera í köldu vatni, og aukningu tegunda sem lifa í hlýrra vatni, til dæmis gæti makríll aukist eða sardínur,“ segir Katherine Richardson, prófessor í haffræði við Kaupmannahafnarháskóla og stjórnandi ROCS.

Nýjar rannsóknir sýna að áður óþekktar breytingar eiga sér nú stað í hafinu umhverfis Ísland. Katherine tekur fram að forsendur skorti til að alhæfa um hvernig breytingar á umhverfi hafi áhrif á fiskistofna.

ROCS stendur fyrir rannsóknasetur Margrétar Danadrottningar og Vigdísar Finnbogadóttur um haf, loftslag og samfélag og nýtur stuðnings íslenska ríkisins, Rannís og Carlsberg-sjóðsins.

Meðal rannsókna sem unnar hafa verið í dansk-íslenskri samvinnu eru borkjarnasýni sem tekin voru í fyrra á Reykjanesgrunni á skipi Hafrannsóknastofnunar. Þessa dagana er verið að kynna niðurstöður á ráðstefnu í Reykholti.

Katherine segir að skeið umbreytinga eigi sér stað í hafinu umhverfis Ísland. Núverandi líkön geri ráð fyrir fækkun þörunga, eða minni framframleiðslu í sjónum. Þörungar séu lykillífverur í framleiðslu á súrefni og undirstaða lífkeðjunnar í hafinu. Rannsóknir ROCS sýni fram á aukningu þeirra.

> Ég held að það megi búast við breytingum á fiskveiðistofnum umhverfis Ísland, fækkun tegunda.

Katherine Richardson, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla

„Við erum að ganga inn í nýtt tímabil hvað varðar lífríki sjávar, þar með taldar fiskveiðar,“ segir Katherine og bætir við að þeir sem stundi sjávarútveg þurfi að vera meðvitaðir um þessar breytingar.

Daði Már Kristófersson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir margt á huldu um vistkerfið umhverfis Ísland. Furðu sæti að Íslendingar hafi ekki rannsakað vistkerfi hafsins meir en raunin sé í ljósi mikilli hagsmuna.

Vísbendingar séu samkvæmt rannsóknum um að útbreiðslumunstur loðnu sé að breytast. Loðna sé kaldsjávarfiskur og mikilvæg þorskinum sem fæðutegund. ■

Fleiri í húsnæðisvanda sofa nú í bílum

HÚSNÆÐISMÁL Fólki sem neyðist til að sofa í bílum vegna húsnæðiseklu hefur fjölgað upp á síðkastið.

Þetta segir Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. „Ég hef hitt fólk sem segist velja að gista í hjólhýsi en það vill enginn gista í bílnum sínum.“

Fátækir og húsnæðislausir leita í vaxandi mæli í hlýju á daginn, gjarnan í opinberu húsnæði, á bókasöfn, inn í sundlaugar, verslanir eða slíka staði.

Vaxandi örvænting er meðal fólks á leigumarkaði vegna hækkana að sögn Vilborgar. SJÁ SÍÐU 6

Máninn hátt á himni skín yfir höfðum þeirra sem vinna að framkvæmdum við nýbyggingu Landspítalans við Hringbraut. Glottir tungl og hrín þótt engin sé hrönnin enn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Mikill verðmunur getur verið á jólabókunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mikill verðmunur á jólabókunum

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Allt að 88 prósenta verðmunur er á jólabókunum í ár samkvæmt nýrri verðkönnun verðlagseftirlits ASÍ.

Bækurnar eru oftast ódýrastar í Bónus og því næst í verslun Forlagsins. Penninn-Eymundsson, sem þjónustar bókaunnendur um allt land allan ársins hring, er oftast með hæsta verð.

Engar verðmerkingar var að sjá í Nettó, en reglur Neytendastofu kveða á um að vörur skuli verðmerktar hvar sem þær eru til sýnis og auðvelt eigi að vera að sjá verð og þjónustu á sölustað.

ASÍ bendir á að verð á algengum bókatitlum breytist ört í verslunum á þessum árstíma. ■

Klippt fyrir tvöföldun

Nýr Vesturlandsvegur í gegn um Mosfellsbæ var formlega tekinn í notkun í gær af Sigurði Inga Jóhannssyni innviðaráðherra sem klippti á borða við athöfnina ásamt öðrum. Um er að ræða tvo áfanga, samtals tæplega tvo kílómetra frá Skarhólabraut að Reykjavegi. Með Sigurði Inga voru Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, Davíð Þorláksson, framkvæmdastjóri Betri samgangna og Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hægt var að nálgast bók Elízu á íslenska básnum. MYND/FORSETAEMBÆTTIÐ

Eliza og félagar söfnuðu fyrir rafstöð

kristinnpall@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Um 14.500 evrur eða rúmlega tvær milljónir íslenskra króna söfnuðust á góðgerðarmarkaði fyrir utan Evrópuráðið í gær og rennur allur ágóðinn til kaupa á rafstöð fyrir sjúkrahúsið í Karkív.

Eliza Reid forsetafrú var heiðursgestur markaðarins og opnaði hann með ávarpi.

Um 20 þjóðir Evrópuráðsins tóku þátt og buðu til sölu mat og ýmsan varning frá hverju landi. Þar á meðal var fastanefnd Íslands, sem sá um skipulagningu markaðarins.

Á íslenska borðinu voru seldar íslenskar bókmenntir í enskri og franskri þýðingu. Seldar voru bækur eftir Jón Kalman, Einar Kárason, Auði Övu og Elizu Reid, sem voru gefnar markaðnum og allur ágóði rann til söfnunarinnar. ■

Þúsund heimsóknir og neyslurýmið er sprungið

Frá því að neyslurýmið Ylja tók til starfa í mars hafa verið skráðar þúsund heimsóknir. Deildarstjóri verkefnisins segir bílinn sem rýmið er í ekki duga til og að allt of oft þurfi fólk að hverfa frá.

lovisa@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Frá því að neyslurýmið Ylja tók til starfa í mars hafa um hundrað einstaklingar heimsótt það um þúsund sinnum.

„Nóvember markaði ákveðin tímamót í Ylju en þá var þúsundasta heimsóknin skráð í neyslurýmið," segir Marín Þórsdóttir, deildarstjóri verkefnisins hjá Rauða krossinum, en hann rekur rýmið.

Ylja er opin virka daga á milli klukkan 10 og 16 og eru 30 prósent gesta konur en 70 prósent karlar.

„Úrræði sem opin eru fyrir heimilislausa á daginn eru af skornum skammti. Kirkjan rekur Skjól fyrir konur og teljum við það vera helstu ástæðu þess að þær nýti sér Ylju síður en karlar," segir Marín.

Hins vegar séu engin úrræði fyrir karla sem opin eru á daginn.

„Neyðarskýlum borgarinnar er lokað klukkan tíu á morgnana og eru ekki opnuð aftur fyrir en fimm seinnipartinn," segir Marín en þau sem koma í Ylju fá einnig hlý föt yfir köldustu mánuði ársins.

„Vímuefnavandi er ekki eingöngu félagslegur vandi heldur er hann blanda af heilbrigðis- og félagslegum vanda," segir Marín. Þeir gestir sem sæki Ylju fái nær alltaf sálfélagslegan stuðning við komu sína í bílinn.

„Það er í 94 prósentum tilfella samkvæmt tölunum sem við tókum saman í lok september síðastliðnum," segir Marín.

Auk sálfélagslegs stuðnings er lágmarks heilbrigðisþjónusta vegna sára og sýkinga veitt í bílnum auk skaðaminnkandi ráðgjafar. Verkefnið er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Rauða krossins og er til eins árs. Marín segir þau hafa lært mikið á þessum reynslutíma.

„Bíllinn, sem er bráðabirgðaúrræði, dugar ekki til," segir Marín. Einungis tveir geti nýtt sér rýmið í einu.

„Æ oftar þurfa einstaklingar frá að hverfa vegna mikillar eftirspurnar í bílnum. Það reynist starfsfólki mínu afar þungbært því í þau skipti vita þau til þess að fólk er að nota í ótryggum aðstæðum, berskjölduð fyrir almenningi og hættan á ofskömmtun stóreykst," segir Marín. ■

Forseti Íslands og þáverandi heilbrigðisráðherra kynntu sér neyslurýmið í bíl Rauða krossins í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Æ oftar þurfa einstaklingar frá að hverfa vegna mikillar eftirspurnar í bílnum.

Marín Þórsdóttir, deildarstjóri hjá Rauða krossinum

IONIQ 5

Fjórhjóladrifinn, 100% rafmagn.

Besti bíll í heimi 2022

ÞREFALDUR HEIMSMEISTARI!

Hvað finnst þér best í heimi? Fjölskyldan, markmiðin, starfið? Hvert sem þú stefnir þá hefur verðlaunabíllinn IONIQ 5 kraftinn til að hjálpa þér að ná takmarkinu. Þú ferð allt að 507 km* á hleðslunni. Ofurhleðslan bætir 100 km við á aðeins 5 mínútum. Eltu draumana þína af öryggi hvert sem er með 2. stigs akstursaðstoð. IONIQ 5 getur allt þetta og miklu meira.

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

www.hyundai.is

7 ÁRA Ábyrgð Framtíðin er örugg

8 ÁRA Rafhlöðu ábyrgðartrygging

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kaupandi greiðir fyrir reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is.

B|L

*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hafa afgerandi áhrif á drægni rafbíla. ENNEMM / SÍA / NM013388

Alvotech ráðgerir hagnað á næsta ári

olafur@frettabladid.is

HLUTABRÉFAMARKAÐUR Hlutabréf Alvotech fluttust í gær af First North markaði Nasdaq á Íslandi yfir á Aðalmarkaðinn. Höfðu bréfin hækkað um ríflega 20 prósent við lokun.

Það var stjórnarformaður hins nýskráða félags, Róbert Wessman, sem hringdi til lokunar markaðarins.

Í viðtali við Fréttavaktina á Hringbraut í gær sagði Róbert markaðssókn Alvotech ganga vel beggja vegna Atlantsála. Aðspurður sagði hann allt vera á áætlun hjá fyrirtækinu. Þegar upp var lagt 2013 hefði verið ráðgert að koma fyrsta líftæknihliðstæðulyfinu á markað á þessu ári og það hefði gengið eftir. Einnig hefði átt að kosta einum milljarði dala til að komast á þennan stað. Það hefði sömuleiðis gengið eftir.

Róbert Wessman

Í ár hefur Alvotech tryggt mikilvæga fjármögnun, auk þess sem skráningin á markað og flutningurinn á Aðalmarkað Nasdaq á Íslandi auðveldar því aðgengi að fjármagni.

Enn er tap á rekstri Alvotech en áætlað að með aukinni markaðssókn aukist tekjur svo að eftir mitt næsta ár verði hagnaður af rekstrinum. ■

Króatía samþykkt inn í Schengen

kristinnpall@frettabladid.is

EVRÓPA Aðildarríki Schengen-samstarfsins samþykktu í gær umsókn Króatíu. Gerhard Karner, innanríkisráðherra Austurríkis, kom í veg fyrir að umsókn Búlgaríu og Rúmeníu yrði samþykkt. Með því verður Króatía hluti af Schengen um áramótin á sama tíma og Króatar ganga inn í Evrópusambandið.

Ríki þurfa samþykki allra meðlima Schengen-ríkjanna til að fá aðild að samstarfinu og var fulltrúi Austurríkis mótfallinn inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu. Þá var Holland mótfallið inngöngu Búlgaríu. ■

Hafi nýtt fundinn með Katrínu á ólöglegan hátt

kristinnhaukur@frettabladid.is

SKOTLAND Offord lávarður, aðstoðarráðherra Skotlandsmála í ríkisstjórn Bretlands, sakaði nýlega landa sinn Angus Robertson, ráðherra stjórnarskrár, menningar og ytri mála í landsstjórn Skotlands, um græsku á fundi með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra.

Báðir komu þeir til Íslands á ráðstefnuna Hringborð norðurslóða, Arctic Circle, og báðir áttu þeir tvíhliða fundi með Katrínu.

Offord lávarður situr fyrir Íhaldsflokkinn en Robertson Skoska þjóðarflokkinn.

Samkvæmt breska blaðinu The Telegraph sagði Offord að Robertson hefði „vælt um vesalings fólkið í Skotlandi“ sem væri „rænt frelsi sínu“. Að ræða innanríkismál og stjórnarskrána sé ekki heimilt.

Fjölmiðlar hafa áður fjallað um utanlandsferðir Robertson, sem eru mýmargar og hafa reynst kostnaðarsamar. Það fer öfugt ofan í andstæðinga hans að Robertson skuli nota hvert tækifæri til þess að tala fyrir sjálfstæði en ekki þeim málaflokkum sem hann á að stýra fyrir landstjórnina.

Robertson er sakaður um að hafa vælt í Katrínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Einnig á Robertson að hafa ýkt titla sína, svo sem í ferð til Þýskalands nýlega.

„Ég var í Berlín og þar sögðu þingmenn að þeir væru að fara að hitta Angus Robertson utanríkisráðherra Skotlands,“ sagði Foulkes lávarður, í Verkamannaflokknum. „Breska ríkisstjórnin verður að finna leið til að stoppa þetta.“ ■

Vilja flug frá Póllandi til Akureyrar

Flugleið á milli Akureyrar og Póllands myndi nýtast bæði innflytjendum, fjölskyldum þeirra og Íslendingum sem vilja ferðast til Póllands. Þetta segir stofnandi undirskriftasöfnunar sem hefur verið vel tekið í.

kristinnhaukur@frettabladid.is

NORÐURLAND Um 200 undirskriftir hafa safnast á einni viku fyrir því að komið verði á beinu flugi á milli Akureyrar og Póllands. Það myndi liðka mikið fyrir innflytjendum frá Póllandi og nálægum löndum sem búa á Norður- og Austurlandi og myndi nýtast Íslendingum sjálfum vel.

„Þetta hefur komið upp í samtölum Pólverja í langan tíma,“ segir Andrzej Bednarczyk, einn af þeim sem standa að undirskriftasöfnuninni. „Sérstaklega á veturna, þegar ferðalög til Keflavíkur geta verið erfið út af veðri. Þetta myndi líka henta mjög vel á sumrin þegar fólk er að ferðast vegna vinnu eða fría.“

Mjög reglulega er flogið milli Íslands og Póllands um Keflavíkurflugvöll, svo sem til höfuðborgarinnar Varsjár, Gdansk við norðurströndina og Krakár í suðri. Það er hins vegar ferðalagið til Reykjavíkur sem getur reynst Pólverjum á landsbyggðinni langt og erfitt.

Pólverjar eru langfjölmennasti innflytjendahópur landsins, alls tæplega 21 þúsund manns. Andrzej og félagar telja að flugleggurinn myndi einnig nýtast Litáum, Lettum, Tékkum, Slóvökum, Úkraínumönnum og fleiri innflytjendahópum norðan- og austanlands.

Andrzej segir að algengt sé að missa tvo daga aðeins í ferðalagið til og frá Keflavík. Leiðin taki sérstaklega langan tíma þegar farið sé með rútu. Þegar lent er í Póllandi tekur svo einnig oft við annað langt ferðalag innanlands. Þá er einnig mikið af innflytjendum, sem hafa sest að til langs tíma á Íslandi, sem fá ættingja og vini í heimsókn. „Ég held að það myndi vera mjög mikill áhugi á þessari flugleið,“ segir hann.

Mikil uppbygging er áætluð á Akureyrarflugvelli og utanlandsferðum hefur fjölgað. MYND/VÖLUNDUR JÓNSSON

> Ég er viss um að Íslendingar myndu líka hafa áhuga á flugi til Póllands.

Andrzej Bednarczyk, stofnandi undirskriftasöfnunar

Utanlandsferðir hafa stóraukist á Akureyri eftir að Niceair tók til starfa. Flugfélagið flýgur til Kaupmannahafnar, Düsseldorf, Alicante og Tenerife. Þá er frekari uppbygging Akureyrarflugvallar á teikniborði stjórnvalda og gjaldtaka er áætluð af flugmiðum til að flýta henni.

Það er ekki aðeins fólk búsett á Akureyri sem hefur skrifað undir listann. Heldur einnig á Reyðarfirði, Dalvík, Húsavík og fleiri stöðum.

Aðspurður til hvaða flugfélaga Andrzej horfi helst nefnir hann lággjaldaflugfélögin. Meðal flugfélaga sem fljúga frá Keflavík til Póllands er ungverska lággjaldaflugfélagið Wizz Air. Ef Niceair eða Play myndu bjóða hagstætt verð yrði það mjög gott.

„Ég er viss um að Íslendingar myndu líka hafa áhuga á flugi til Póllands,“ segir Andrzej. Nefnir hann að ýmis góð heilbrigðisþjónusta sé í boði á góðu verði í Póllandi sem og að afar hagstætt sé að versla þar. „Fyrir utan möguleikann á að verja fríinu í fallegum héruðum Póllands,“ bætir hann við. ■

HAGKAUP

Mest seldi hryggurinn

Hagkaups hamborgarhryggurinn er sérvalinn af fagmönnum til að tryggja hámarks gæði. Hryggurinn er léttsaltaður og léttreyktur sem skilar sér í einfaldari eldun. Hrygginn þarf því ekki að forsjóða heldur einungis að elda í ofni.

Sérvalinn úr 1. flokks hráefni

SALTMINNI
Þarf ekki að sjóða.
Aðeins 90 mínútur í ofni

Baileys konfekt

Moon jólasörur Espresso og klassískar

Margverðlaunaðir Snowdonia ostar

Hamlet konfekt

Baileys eftirréttir

Joe & Seph´s Slab

Þeim fjölgar sem sofa í bílum vegna húsnæðiseklu. Græðgi leigufélaga er sögð taumlaus. Félagslegt húsnæði skortir. Forsætisráðherra boðar úrbætur en stjórnarandstaðan segir stjórnvöld hafa sofið á verðinum.

Dæmi eru um að fólk sofi í bílum vegna fátæktar fyrir jólin. Myndin er tekin við úthlutun jólamatarpakka hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Taumlaus gróðasókn sögð ganga inn að beini fátækra

Björn Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Starfshópur á vegum innviðaráðherra vinnur nú að endurskoðun húsaleigulaga. Markmiðið er að bæta réttarstöðu og húsnæðisöryggi leigjenda að sögn Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra. Hún segir að tillögur um aukinn stuðning séu ekki hugsaðar til að fita efnahagsreikning leigufélaga heldur til stuðnings almenningi.

Þjóðinni er brugðið vegna upplýsinga um að húsaleiga hjá hagnaðardrifnum leigufélögum líkt og Ölmu, hagnaðardrifnu íbúðafélagi, hækki um 80.000 krónur á mánuði. Fjöldi fólks er sagður á vergangi. Færst hefur í vöxt að Íslendingar sofi í bílum. Á sama tíma skilaði Alma 12,5 milljarða króna hagnaði á síðasta ári.

Félagslegt húsnæði vantar

Sérfræðingar eru sammála um að skortur á leiguhúsnæði, einkum félagslegu húsnæði, sé meinsemd. Forsætisráðherra segir að stjórnvöld hafi á undanförnum árum lagt áherslu á að efla félagslegar lausnir í húsnæðismálum meðal annars í samstarfi við verkalýðshreyfinguna. Um þriðjungur nýrra íbúða sem byggðar voru á árunum 2020 og 2021 séu tilkomnar vegna slíkra aðgerða stjórnvalda. Frá árinu 2017 hafi verið veitt stofnframlög frá ríki og sveitarfélögum til um 3.000 almennra íbúða.

„Stjórnvöld hafa verið að vinna tillögur um aukinn húsnæðisstuðning en hann er ekki hugsaður til að fita efnahagsreikning leigufélaganna heldur til að styðja við fólkið í landinu," segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

„Ég vil ítreka mikilvægi þess að leigufélögin sýni sanngirni, gangi fram af hófstillingu og leggist á árarnar með okkur til að greiða fyrir farsælum kjarasamningum á verðbólgutímum," segir Katrín og bætir við að það sé morgunljóst að setja þurfi miklu skýrari ramma í löggjöf um leigumarkaðinn.

Búinn bani vegna fátæktar

Guðmundur Ingi Kristinsson, þingmaður og varaformaður Flokks fólksins, segir að þeir sem þurfi að leigja hjá hagnaðardrifnum leigufélögum búi hreinlega við neyðarástand. Hann þekkir sjálfur dæmi þess að fólk hafi hrökklast út af leigumarkaði vegna vanefnda eftir stökkbreytta hækkun og sofi í hjólhýsum eða bílum.

„Ef tekjur þurfa að hækka um 150.000 krónur til að standa undir hækkun á leigu er ljóst að svartnættið eitt blasir við," segir þingmaðurinn.

Margt ungt fólk sé að sligast. Dæmi séu um vegna vaxtahækkana að sögn Guðmundar Inga að afborgun af lánum hafi farið úr 200.000 krónum í 350.000 á mánuði. Guðmundur Ingi vill að lífeyrissjóðunum verði gert kleift að byggja upp eignir til að leigja út. Byggja þurfi upp miklu meira af félagslegu húsnæði.

„Það er ekki hægt að búa á Íslandi ef þú ert húsnæðislaus. Fólki sem sefur úti er búinn bráður bani."

Vítahringur efnaminni

Rúmlega 20 prósent íslenskra heimila eru á leigumarkaði, langmest lágtekjufólk. Staða þessa hóps hefur versnað verulega frá árinu 2006 samkvæmt rannsókn Stefáns Ólafssonar prófessors á tölum OECD.

Með stökkbreytingum á verði húsaleigu, einkum hjá hagnaðardrifnum leigufélögum, þurfa leigjendur að verja æ stærri hluta ráðstöfunartekna í leigu. Áður en vextir fóru að hækka var talið að íbúðaleiga kostaði að meðaltali um 45 prósent ráðstöfunartekna. Umtalsverður hluti leigjenda var þá talinn með óhóflega háa leigubyrði. Æskilegt viðmið er að leiga fari ekki yfir 25 prósent af ráðstöfunartekjum. Þegar umtalsverðir hópar fara upp í 70 prósent eða í allt að hundrað prósent eins og nýleg dæmi eru til marks um, ríkir ófremdarástand að sögn Stefáns.

„Samanlögð áhrif af rýrnum kaupmáttar launa og auknum vaxtakostnaði þeirra sem skulda í húsnæði eru að þrengt er stórlega að möguleikum fólks í lægri tekjuendanum að halda rekstri gangandi og halda eigin húsnæði," segir Stefán.

„Þeir sem byggja til að leigja út virðast sumir hverjir taumlausir í gróðasókn sinni. Þetta er starfsemi sem gengur út á að ganga inn að beini á lágtekjufólki," segir hann.

Vaxandi örvænting

„Ég finn að það gætir meiri örvæntingar hjá þeim sem sækja til okkar núna," sagði Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi sem hefur umsjón með innanlandsstarfi Hjálparstarfs kirkjunnar.

Hún segir fordæmalaust að einstæðingar greiði 350.000 krónur í húsaleigu.

„Það eru tölur sem við höfum aldrei séð fyrr."

Vilborg segir að fólk sem leiti til kirkjunnar búi stundum í húsnæði sem sé skaðlegt vegna raka og myglu. Hún hvetur fólk til að sækja um leiguhúsnæði í gegnum eigið stéttarfélag og bendir á að kirkjan hjálpi fólki við slíkar umsóknir.

„Eina von sumra er að komast í öruggt og ódýrt húsnæði."

Að sögn Vilborgar virðast vaxandi merki um að fólk sofi í bíl vegna húsnæðiseklu. Þar sé um að ræða bæði karla og konur, innfædda Íslendinga sem aðra. „Ég hef hitt fólk sem segist velja að gista í hjólhýsi en það vill enginn gista í bílnum sínum."

Þessi hópur leitar sérstaklega inn í hlýju á daginn, gjarnan í opinberu húsnæði svo sem á bókasöfn eða í sundlaugar auk verslunarhúsnæðis.

Sakar ráðherra um óheiðarleika

Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar, hefur kallað eftir auknum félagslegum stöðugleika hjá ríkisstjórninni.

„Mér finnst það óheiðarleg framkoma hjá fjármálaráðherra að koma upp í ræðustól á Alþingi og berja sér á brjóst. Ríkisstjórnin er að helminga ný fjárframlög til uppbyggingar á félagslegu húsnæði en hann talar um úrbætur. Það er talað um 400 óhagnaðardrifnar félagslegar íbúðir en allt árið hefur innviðaráðherra rætt allt að 1.200 íbúðir í farvatninu," segir Kristrún.

Með orðum sínum vitnar Kristrún til svars Bjarna Benediktssonar á Alþingi í gær við fyrirspurn Ásthildar Lóu Þórsdóttur, þingmanns Flokks fólksins.

Kristrún segir að þingið sé nú að fara að samþykkja fjárlög þar sem ekkert nýtt fé fari í húsnæðis- og vaxtabætur. Viðbætur í húsaleigubætur á miðju ári séu í engum takti við hækkun síðustu ára, bæturnar hafi setið óhreyfðar í mörg ár. Óljóst tal sé um hækkanir eftir áramót en engar fjárheimildir séu í fjárlagafrumvarpinu fyrir slíku.

Öryrkjar í sérstökum vanda

„Þau eru að sigla undir fölsku flaggi," segir Kristrún. „Þau hafa líka hafnað tillögum okkar í Samfylkingunni um leigubremsu vegna ástandsins."

Samkvæmt upplýsingum frá Öryrkjabandalaginu hefur meira en annar hver öryrki upplifað allt að 50 prósenta hækkun á leigu á undanförnum mánuðum, 42 prósent eru í vanskilum með leiguna og 15 prósent öryrkja hafa misst heimili sitt vegna hækkunar á húsaleigu.

„Við erum að tala um líf fólks, það er mjög erfitt ástand meðal leigjenda víða, ríkisstjórnin hefur dregið lappirnar hvað varðar óhagnaðardrifið leiguhúsnæði og boltanum er endalaust varpað á sveitarfélögin," segir Kristrún Frostadóttir. ■



Húsnæðiskostur umsækjenda sem leita til kirkjunnar

> Ég hef hitt fólk sem segist velja að gista í hjólhýsi en það vill enginn gista í bílnum sínum.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi

> Þeir sem byggja til að leigja út virðast sumir hverjir taumlausir í gróðasókn sinni.

Stefán Ólafsson, prófessor emeritus

> Ég vil ítreka mikilvægi þess að leigufélögin sýni sanngirni.

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

Velkomin um borð!

MG MARVEL R PERFORMANCE

Eigum bíla á lager til afhendingar strax!

MG MARVEL R PERFORMANCE
100% rafdrifinn, fjórhjóladrifinn, 7 ára ábyrgð*
Verð frá: 7.199.000 kr.

FLEX leiguverð frá: 183.090 kr. á mánuði.
Miðað við 36 mánuði og 18 þ.km. á ári. Nánar á flex.is

mgmotor.is

Recharge yourself

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.mgmotor.eu/is-IS/

ENNEMM / SÍA / NM013356

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Sundhöllin á Selfossi sprungin vegna mikillar fjölgunar íbúa

kristinnhaukur@frettabladid.is

SUÐURLAND Sundhöllin á Selfossi er löngu sprungin vegna mikillar íbúafjölgunar í sveitarfélaginu Árborg á undanförnum árum og áratugum. Sunddeild Ungmennafélags Selfoss sendi bæjarráði nýlega áskorun um að flýta þyrfti uppbyggingu nýrrar sundlaugar.

„Tafir á uppbyggingu geta valdið vandræðum með að koma börnum í skólasund," segir Guðmundur Pálsson, formaður sunddeildarinnar, sem telur nú um 60 iðkendur.

Í Sundhöllinni er 25 metra útilaug, 18 metra innilaug og barnalaug. Árið 2015 var byggt við Sundhöllina og þá bætt við innibarnalaug.

En það þarf að gera meira til að mæta fólksfjölguninni. Frá aldamótum hefur íbúafjöldi Árborgar nærri tvöfaldast, það er farið úr 5.691 í 10.834. Börnum á grunnskólaaldri hefur fjölgað úr 941 í 1.581, eða um 640.

> **Almennir sundlaugargestir hafa verið mjög kurteisir og þolinmóðir.**
>
> Guðmundur Pálsson, formaður sunddeildar UMFS

Guðmundur segir að til séu teikningar af nýrri laug, sem yrði byggð við hlið Sunnulækjarskóla. Sveitarfélagið hefur stofnað nefnd um uppbyggingu sundlaugarmannvirkja en hún hefur farið hægt af stað. Engar ákvarðanir eða tímasetningar eru til um nýja sundlaug.

„Það eru allar brautir gjörnýttar. Almennir sundlaugargestir hafa verið mjög kurteisir og þolinmóðir," segir Guðmundur um stöðuna í Sundhöllinni en sveitarfélagið á einnig 18 metra útilaug á Stokkseyri.

„Krakkar í Flóahreppi þurfa að fara í sund í Rangárvallasýslu. Þau komast ekki að hjá Selfossi," segir Guðmundur en Flóahreppur er austan við Árborg. ■

Tilkynning til hluthafa

Stjórn Reiknistofu bankanna hf., kt. 470111-0540, gerir kunnugt að með heimild í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög hefur hún tekið ákvörðun um að hlutabréf félagsins verði tekin til rafrænnar skráningar í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar. Stefnt er að því að skráningin taki gildi mánudaginn 27. mars 2023 kl. 08:00. Frá þeim tíma eru hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu ógild í samræmi við heimild í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Nánar tiltekið verða öll hlutabréf Reiknistofu bankanna hf. tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru öll í einum hlutaflokki og gefin út á nafn hluthafa. Útgáfudags er getið á hverju hlutabréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur hlutabréfa í Reiknistofu bankanna hf. sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá félagsins, að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til Reiknistofu bankanna hf. á netfangið hluthafar@rb.is. Komi í ljós við slíka könnun að vafi leiki á eignarhaldi ber eigendum að færa sönnur á það gagnvart félaginu innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar í Lögbirtingablaði.

Enn fremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til hlutabréfa í Reiknistofu bankanna hf., s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri við fullgilda reikningsstofnun, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, innan þriggja mánaða frá síðari birtingu innköllunar þessarar í Lögbirtingablaði. Gæta skal þess að reikningsstofnunin hafi gert aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð.

Stjórn Reiknistofu bankanna hf. hefur ákveðið að eftir að innköllunarfrestur er liðinn og rafræn skráning á hlutabréfum félagsins hefur átt sér stað í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar, skuli arðgreiðslur til hluthafa einungis fara fram í gegnum kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar, sbr. heimild í 4. tl. 54. gr. reglugerðar nr. 397/2000 um rafræna eignarskráningu verðbréfa í verðbréfamiðstöð, með síðari breytingum.

Hluthafar skulu fela reikningsstofnun sem hefur gert aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamiðstöð umsjón með eignarhlut sínum í félaginu og stofna vörslureikning.

Reykjavík, 9. desember 2022.
Stjórn Reiknistofu bankanna hf.

Pedro Castillo var kominn í hendur lögreglu aðeins fáeinum klukkustundum eftir að hann reyndi að leysa upp þingið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Dramatískt útspil felldi forseta Perú

Pedro Castillo er horfinn af forsetastóli í Perú eftir að hann reyndi að leysa upp þing landsins og efna til „neyðarstjórnar" undir sinni forystu og setja á útgöngubann.

thorgrimur@frettabladid.is

PERÚ Óhætt er að segja að mikil ólga hafi einkennt stjórnmál í Perú á síðustu árum. Í gær leysti perúska þingið forsetann Pedro Castillo úr embætti og lét handtaka hann og ákæra fyrir uppreisn eftir tilraun hans til að leysa upp þingið og stofna til „neyðarstjórnar".

Varaforseti Castillo, Dina Boluarte, hefur svarið embættiseið sem nýr forseti Perú, en hún er sjötti forseti landsins frá árinu 2018.

Castillo var kjörinn forseti í fyrra eftir nauman sigur í seinni umferð forsetakosninga á móti Keiko Fujimori, dóttur fyrrverandi forsetans Alberto Fujimori. Þótt Castillo hafi borið sigurorð af Keiko má segja að hann hafi sjálfur reynt að fylgja í fótspor Fujimori eldri í gær, því Alberto Fujimori leysti einmitt upp þing Perú og tók sér í reynd einræðisvald árið 1992.

Í ávarpi sínu til perúsku þjóðarinnar hafði Castillo tilkynnt að hann myndi stjórna landinu án aðkomu þingsins með stjórnartilskipunum þar til unnt yrði að kjósa nýtt þing. Hann tilkynnti jafnframt útgöngubann um allt landið og að hver sem léti ekki af hendi ólögleg vopn til lögreglu yrði settur í fangelsi samkvæmt tilskipun.

Tilraun Castillo til að leysa upp þingið heppnaðist ekki eins vel og aðgerðir forvera hans fyrir þrjátíu árum. Her landsins tilkynnti nánast um leið og Castillo hafði gefið út yfirlýsingu sína að útspil hans nyti ekki stuðnings hersins. Jafnvel Boluarte, sem hafði verið kjörin varaforseti á kjörseðli Castillos í fyrra, neitaði að styðja „valdarán" forsetans og tók afstöðu með þinginu á móti honum.

Aðeins fáeinum klukkustundum eftir að Castillo gaf út tilkynningu um þingrofið hafði lífvarðarsveit hans fylgt honum út á lögreglustöð í Líma. Fregnir herma að Castillo hafi reynt fá hæli í sendiráði Mexíkó þegar ljóst var að sjónvarpsávarp hans hefði fallið í grýttan jarðveg hjá bæði valdastofnunum og almenningi í Perú. ■

Tyrkir setja skilyrði við NATO-stuðning

helgisteinar@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Mevlut Cavusoglu, utanríkisráðherra Tyrklands, segir Finna þurfa að aflétta vopnasölubanni á Tyrkland ef Tyrkir styðji aðild Finna að NATO.

Tyrkneski ráðherrann lét ummælin falla í tengslum við væntanlega heimsókn Antti Kaikkonen, varnarmálaráðherra Finnlands.

Bæði Svíþjóð og Finnland lögðu bann við sölu á vopnum til Tyrklands 2019 í kjölfar aðgerða Tyrklands gegn Kúrdum í Sýrlandi.

„Við höfum ekki enn heyrt neinar yfirlýsingar frá Finnum um að þeir muni aflétta vopnasölubanni sínu á okkur," segir Cavusoglu.



Recep Tayyip Erodgan, Tyrklandsforseti. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Svíar og Finnar hafa sótt um aðild að NATO en Tyrkir tefja og saka löndin um að hunsa ógnanir í garð Tyrkja. Þeir vilji meiri þrýsting frá Svíum og Finnum á kúrdíska og aðra vígahópa sem Tyrkland skilgreinir sem hryðjuverkamenn. ■

Enox Pumpmaster
í alla bíla og inn á öll heimili!

JÓLAGJÖF ÍÁR



Sjálfvirk snjallpumpa fyrir:
- Bíla • Mótorhjól • Reiðhjól • Hlaupahjól
- Gúmmíbáta • Vindsængur • Bolta • Blöðrur

Auk þessa er Pumpmaster:
- Vasaljós • Viðvörunarljós
- Öflugur orkubanki, 5.000mAh, fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.

9.990kr

HÚSASMIÐJAN

Fæst í Húsasmiðjunni um allt land og á husa.is

enox® enjoy life

ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Starað djúpt í stafræna tómið

Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Desembermánuður er annasamur tími á mörgum vinnustöðum. Atvinnulífið nær hámarkshraða og vörum er mokað inn til landsins og inn á heimilin. Lengdur opnunartími, lengri vaktir, jólavertíð. Meira er kvartað yfir jólunum en þakkað fyrir þau og tal um jólastress virðist vaxa í veldisvexti milli ára.

Sé horft á íslenskan veruleika sérstaklega, má skoða grein sem Smári McCarthy og Guðmundur D. Haraldsson rituðu árið 2011 þar sem kom fram að árið 1980 hefði hver vinnandi maður á Íslandi unnið að meðaltali um 1.800 klukkustundir á ári og tæpum 30 árum síðar hefði talan verið nánast óbreytt. Þar kom einnig fram að landsframleiðsla væri frekar mikil á hvern íbúa en fyrir hverja unna klukkustund væri hún í lægri kantinum. Þá er vísað í Skírnisgrein Þorvaldar Gylfasonar frá 2007 þar sem sýnt er línulegt samband milli framleiðslu á klukkutíma og vinnustunda íbúa landsins. Þeim mun fleiri vinnustundir, þeim mun minni framleiðsla á klukkustund. Ef við horfum á bandarísk gögn um vinnuafköst kemur fram að frá árinu 1950 til 2011 hafi framleiðni aukist umfram 260 prósent, þökk sé tækninýjungum og -þróun. Fólk vinni samt sem áður nánast jafn mikið og áður. Þessi útreikningur er fenginn með því að deila í landsframleiðsluna með unnum klukkustundum.

Eitthvað hér virðist ekki ganga upp. Hugmyndin um þægilegt framtíðarlíf þar sem tæknin bjó til aukinn frítíma virðist hafa vikið fyrir hugmynd um að fagna því að tæknin geri okkur kleift að vinna enn meira en áður, þó að gögnin sýni okkur að það gangi ekki upp.

Það má spyrja hvort manntegundinni sé yfirhöfuð treystandi fyrir tækninni. Allir snjallsímaeigendur hafa aðgang að alheiminum í vasanum en samt er öfgahyggja í vexti vegna þess hvernig við höfum þróað forritin til að færa okkur aðeins upplýsingar sem styrkja okkar skoðanir og heimsmynd. Gervigreindarforritið Lensa er í tísku hjá Íslendingum þessa dagana. Þar málar tölva stafræn málverk eftir sjálfsmyndum, sem sýna notandann í jákvæðu ljósi. Eins og gerspilltur aðallinn forðum lét mála af sér fegrandi málverk fyrir fimmhundruð árum. Við störum í stafrænt tómið en erum í raun og veru ekki að skima eftir öðru en okkur sjálfum. Svo leggjum við tækin frá okkur og höldum áfram að vinna. ■

> Við störum í stafrænt tómið en erum í raun og veru ekki að skima eftir öðruen okkur sjálfum.

Halldór



Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Tómleiki
Knattspyrnumenn í öllum styrkleikaflokkum ástríðunnar eru með böggum hildar þessa dagana. Og það er að vonum. Það var enginn bolti í gær. Það er enginn bolti í dag. Eftir margra daga dásemd þar sem besti bolti í heimi hefur verið leikinn fyrir botni Persaflóa situr tómleikinn einn eftir. Ekki einasta þarf maður að snúa sér aftur að vinnu á meðan fyrri leikurinn hefur farið fram, heldur þarf maður jafnvel að huga að eldhússtörfum á meðan sá seinni hefur hrifið hugann. Þetta er agalegt. Og það er eitthvað svo asnalega kjánalegt að standa allt í einu uppi með þvottaburstann í hendi, í stað bjórkollunnar…

Annar í engu
Dagurinn í dag er annar í engu. Altso, hafi dagurinn í gær verið fábreyttur – og án nokkurs knattspyrnuskrauts á heimilisskjánum, þá er þessi sem nú líður í látleysi sínu og fáskrúði eitthvað svo miklu fátæklegri. Og það má sjá fyrir sér villuráfandi boltabullur á vinnustað sínum og á heimilum í einhverri bjánalegri jólapeysu þessa landsleikjalausu daga í stað hins stórkostlega, að vera í alltof þröngum bol af uppáhaldsliðinu sínu, sem passaði kannski um mann miðjan fyrir einhverjum heimsmeistaramótum síðan. En þetta lagast á morgun. ■

Fráskilin föt

Guðlaugur Þór Þórðarson
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra

Vaxandi áhugi er á nýtnihagkerfinu hérlendis; aukinni endurnýtingu og endurvinnslu. Áhuginn virðist mestur hjá fólki undir fertugu og er sá hópur til dæmis langstærsti viðskiptavinahópur verslana með notuð föt og aðra nytjahluti sem eru sá hluti nýtnihagkerfisins sem vex hvað hraðast.

Vöxtur hérlendis í sölu á notuðum fötum og húsgögnum er ekkert einsdæmi og sama þróun á sér stað í öðrum löndum. Í Bretlandi og Bandaríkjunum er álíka vöxtur. Í Bretlandi var ákveðið að breyta þeirri ímynd sem var á sölu notaðra hluta (used goods) og var þá tekið upp heitið „preloved goods“. Ekki er komið neitt gott íslenskt heiti á þetta en ein tillaga sem skotið hefur upp kollinum með notuð föt er „fráskilin föt“.

Samkvæmt upplýsingum sem starfshópur um flýtingu hringrásarhagkerfisins hefur aflað eru um 40 aðilar hérlendis sem sinna sölu á fráskildum nytjahlutum. Skipta má þessum aðilum í tvo meginflokka:

Í fyrsta lagi er um að ræða verslanir með fatnað og nytjavöru sem starfræktar eru af félagasamtökum eða hinu opinbera. Má þar nefna Góða hirðinn og Rauðakrossbúðirnar.

Í öðru lagi er um að ræða verslanir sem reknar eru af einkaaðilum og bjóða aðallega föt, húsgögn og nytjahluti sem gjarnan nýta vefinn sér til hags.

Allt bendir til þess að vöxtur sé í báðum þessum flokkum. Gera má ráð fyrir að velta stóru verslananna með fráskilda nytjahluti sé 8-900 milljónir á árinu 2022.

Mjög áhugavert er síðan að skoða einkafyrirtæki sem hafa skotið upp kollinum á þessu sviði undanfarin ár. Velta tíu stærstu fataverslananna á milli áranna 2020-2021 jókst um allt að 35% og nam röskum hálfum milljarði króna.

Við eigum mikið verk fyrir höndum þegar kemur að hringrásarhagkerfinu. Ný hringrásarlög um flokkun heimilissorps taka gildi um áramótin. Það verður áskorun en ábatinn verður mikill. Við eigum að leita að tækifærunum líkt og áðurnefndir aðilar gera. Það margborgar sig. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is*, Lovísa Arnardóttir *lovisa@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*. **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Listin að halda kjafti

Í dag

Karl Th. Birgisson

Tjáningarfrelsið er ákaflega mikilvægt. Vonandi erum við sammála um það. En einmitt þess vegna er áríðandi að kunna að umgangast það. Sú regla gildir einkum og sérílagi um stjórnmálamenn.

Nýjasta dæmið

Í vikunni sá Ásmundur Friðriksson ástæðu til þess að ráðast á starfsfólk Ríkisútvarpsins og nafngreinda leikkonu úr ræðustóli alþingis.

Tilefnið þarf ekki að koma þeim á óvart, sem hafa heyrt Ásmund tala um útlendinga, múslimista og fleira úr þeim ranni.

Honum þótti Ríkisútvarpið vítavert af því að Ilmur Kristjánsdóttir og Gísli Marteinn Baldursson töluðu af „dónaskap“ um forstjóra Útlendingastofnunar.

Leiðum nú efnisatriðin alveg hjá okkur, en Ásmundi til upplýsingar þá er tjáningarfrelsið einmitt mikilvægast fyrir þá sem eru dónalegir.

Það er ekki til varnar þeim sem tjá ást sína og kærleik, heldur hinum sem stuða og ögra.

Í þeim tilvikum skiptir það einmitt mestu máli.

Skilningsleysi þingmannsins á þessari staðreynd er eitt. Hitt er alvarlegra að hann telji sig – því að hann er þrátt fyrir allt í einhvers konar valdastöðu – að hann telji sig mega blása svona í ræðustóli.

Hann má það ekki. Einmitt af því að hann er alþingismaður og hefur atkvæðisrétt um fjárframlög til Ríkisútvarpsins.

Annar þingmaður, Andrés Ingi Jónsson, hélt sig líklega vera að andmæla Ásmundi þegar hann féll í sama pytt með gusugangi og lýsti aðdáun sinni á tilteknum dagskrárlið í Ríkisútvarpinu.

Sko. Ásmundur og Andrés mega hafa skoðun á því sem þeir vilja, en sem alþingismenn þurfa þeir að kunna að hemja sig.

Starfinu fylgja nefnilega tjáningarmörk. Ef þeir eru ósáttir við þau, þá er þeim frjálst að fá sér aðra vinnu og gaspra um Gísla Martein eins og þeir vilja. Eða barnaefni í sjónvarpinu.

Þarf að nefna Brynjar?

Þar er nú annar, sem gerir sér enga grein fyrir stöðu sinni, hvort heldur sem alþingismaður eða aðstoðarmaður dómsmálaráðherra. Hann blaðrar um Rauða krossinn sem ígildi pólitískra andstæðinga, svo nýlegt dæmi sé tilgreint.

Við höfum líklega mörg tilhneigingu til að fyrirgefa Brynjari vitleysuna, af því að hann er húmoristi og vel meinandi manneskja. En dómgreindarleysið minnkar ekki við það.

Og svo þið haldið ekki að þessar athugasemdir séu flokkspólitískar nefni ég eitt dæmi enn:

Þegar Namibíumálið kom upp krafðist Helga Vala Helgadóttir þess í þingsal að eignir Samherja yrðu kyrrsettar.

Það er ekki hlutverk löggjafans að heimta kyrrsetningu á eignum fyrirtækja úti í bæ, hvort sem þau heita Samherji eða Sorpa. Til þess höfum við dómstóla og eftir atvikum sýslumenn.

Þögnin uppsker að vísu engin læk á Facebook.

En í henni felst listin að halda kjafti, þrátt fyrir réttmæta reiði.

Það er einkar mikilvæg list.

Þessir fjórir

Á nýlegum landsfundi Sjálfstæðisflokksins notaði Bjarni Benediktsson ótrúlega langan hluta af ræðutíma sínum í furðulegt rant gegn Fréttablaðinu.

Ég skil ekki enn röksemdirnar, hvað þá þörfina eða hvatirnar til þess að ráðast svona að einum fjölmiðli, en ég veit svosum ekki margt.

Veit þó að svona tala ekki stjórnmálamenn með sjálfstraust, heldur þeir sem upplifa sig umsetna eða ofsótta.

Dæmin eru legió, en í hugann koma Richard Nixon og Donald Trump. Austan við okkur gæti hugurinn hvarflað til Rússlands og Ungverjalands.

Nærtækari er Davíð Oddsson. Árum saman neitaði hann Stöð 2 um viðtöl, þótt ekki skorti tilefnin.

Davíð var nefnilega í nöp við eiganda stöðvarinnar, eiginlega með hann á heilanum, eins og fjölmörg dæmi sýndu og er rækilega skrásett. Þess vegna talaði hann ekki við eina sjónvarpsstöð.

Leifarnar af þessari smáu hugsun getið þið séð í Reykjavíkurbréfum Morgunblaðsins, sem Matthíasi Johannesen þykir sennilega ekkert gaman að lesa.

Hugarheimur Davíðs er kunnugleg óreiða, en það kom óþægilega á óvart að sjá Bjarna Benediktsson bætast í þennan félagsskap hinna ringulreiðu.

Við hin

Þetta var svolítið um tjáningu og þá sem eru í ábyrgðarstöðum.

Um okkur hin gilda líka nytsamlegar ábendingar. Til dæmis spurningin: Er gagnlegt að ég segi þetta? Gerir það eitthvað fleira en að fróa frústrasjónum mínum?

Einnig sú regla að með réttinum til tjáningar fylgir ekki samsvarandi kvöð um að opinbera fordóma sína og heimsku.

Bara alls ekki. ■

Merkisatburðir

1608 **John Milton** fæddur.
1749 Skúli Magnússon er skipaður landfógeti, fyrstur Íslendinga.
1793 Fyrsta dagblað í New York-borg, The American Minerva, er stofnað af Noah Webster.
1926 Sjö hús brenna á Stokkseyri, eða mestallur miðhluti þorpsins. Ekkert manntjón verður.
1934 Enska leikkonan **Judi Dench** fædd.
1956 Hamrafell, stærsta skip sem Íslendingar hafa þá eignast, kemur til landsins. Það er 167 metra langt og getur aðeins lagst að bryggju á einum stað á landinu, í Hafnarfirði.
1982 **Kvikmyndin E.T.** frumsýnd í Laugarásbíói. Það er frumsýning myndarinnar í Evrópu.
1995 Bandaríska fimleikakonan McKayla Maroney fædd.
1996 Sameinuðu þjóðirnar hleypa af stokkunum átakinu Olía fyrir mat í Írak.
2010 Nýr Icesave-samningur milli Bretlands og Íslands er kynntur á blaðamannafundi.
2010 Lilja Mósesdóttir brýtur blað í sögu þingsins, er hún situr hjá í atkvæðagreiðslu um fjárlagafrumvarp.

Jólakortin í gegnum aldirnar

Það var á þessum degi árið 1843 sem fyrstu jólakortin sem sett voru í sölu voru búin til.

arnartomas@frettabladid.is

Þótt fyrstu jólakortin sem vitað er um teygi sig aftur til 17. aldar var það þann 9. desember 1843 sem fyrsta jólakortið sem selt var almenningi var búið til. Enski teiknarinn John Callcot Horsley hafði hannað kortið nokkrum mánuðum fyrr og seldust 2.050 eintök. Kortið, sem var handlitað og steinþrykkt, þótti sumum hneisa en þar mátti sjá mynd af fjölskyldu og ungu barni að fá sér vín saman. Á hvorri hlið kortsins mátti sjá góðverk þar sem fátækum var færður matur og klæði. Áletrunin á kortinu var: „Gleðileg jól og farsælt komandi ár."

Í dag eru jólakort ómissandi hefð á jólunum og má sem dæmi nefna að í Bandaríkjunum eru yfir tveir milljarðar jólakorta sendir ár hvert. Á Íslandi fóru jólakortin fyrst að birtast undir lok 19. aldar. Í Þjóðólfi 1888 auglýsir Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar til að mynda jólakort sem komið höfðu með síðasta póstskipi á 5-50 aura og í Æskunni eru auglýst jóla- og nýárskort árið 1897. Kortin voru venjulega dönsk eða þýsk en jólakort höfðu fljótt orðið að vinsælum sið í Evrópu og Norður-Ameríku.

Það var svo ekki fyrr en eftir aldamót sem byrjað var að gefa út íslensk jóla- og nýárskort. Þar voru fyrst um sinn aðallega myndir af landslagi eða einstökum kaupstöðum. Síðar meir komu teiknuð kort til sögunnar. Á Þjóðminjasafni Íslands er varðveitt jólakort með jólamynd frá árinu 1910, gefið út af Friðfinni L. Guðjónssyni en í safnbúðinni má einmitt nálgast endurprent af gömlum íslenskum jólakortum.

Jólakort Horsley, barnið er vonandi bara með Ribena.

Jólastelpa í þjóðbúningi, teikning eftir Ragnhildi Ólafsdóttur, 1949.

MYND/ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Haldið í hefðirnar

Þótt jólakortin hafi sprungið út í vinsældum á sínum tíma hefur netið og tölvupóstur dregið talsvert úr vinsældum þeirra. Eru þau barn síns tíma?

„Bréfasendingar eiga sér langa sögu hjá Póstinum og þótt þær séu á undanhaldi eru enn einhverjir sem halda í þá fallegu hefð að senda handskrifað jólakort til vina og ættingja, svo enn er þessi skemmtilegi siður lífseigur," segir Þórhildur Ólöf Helgadóttir, forstjóri Póstsins, og bætir við að miklar breytingar hafi orðið á póstþjónustu á síðari árum. „Fjöldi bréfasendinga hefur dregist saman um hátt í 90 prósent frá aldamótum en á sama tíma hafa pakkasendingar margfaldast."

Þá er enn þá hópur sem kýs að senda jólakort.

„Það minnkar hópurinn sem sendir jólakort með Póstinum, en þó eru alltaf einhverjir sem halda í þessa skemmtilegu og rómantísku hefð og senda sínum ástvinum handskrifaðar jólakveðjur jafnvel með mynd af börnum sínum og viðburðum innan ársins. Undanfarin ár hefur dreifing jólakorta ekki leitt til aukins álags í okkar kerfum," segir Þórhildur Ólöf. ■

> **Það minnkar hópurinn sem sendir jólakort með Póstinum, en þó eru alltaf einhverjir sem halda í þessa skemmtilegu og rómantísku hefð.**

Þórhildur Ólöf Helgadóttir, forstjóri Póstsins



Skíðamaður, teikning eftir Stefán Jónsson, 1938.

MYND/ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Jólin koma á ýmsum málum

arnartomas@frettabladid.is

Í tilefni þess að níutíu ár eru liðin frá útgáfu kvæðakversins Jólin koma eftir Jóhannes úr Kötlum hefur verið sett upp örsýning í Þjóðarbókhlöðunni. Kverið er fyrir löngu orðið að einum helsta jólaarfi Íslendinga en þar má meðal annars finna kvæði Jóhannesar um jólasveinana þar sem hann notaði að mestu sömu nöfn á sveinana og séra Páll Jónsson á Myrká sjötíu árum fyrr. Kvæði Jóhannesar er jafnan notað til viðmiðs um fjölda jólasveinanna og hvenær þeir komi til byggða, en þeir eru reyndar mun fleiri en þeir þrettán sem halda til byggða enn þann dag í dag.

Árið 1989 eignaðist Landsbókasafn frumeintök teikninga Tryggva Magnússonar í Jólin koma og eru þær varðveittar í handritasafni. Nýlega gaf Mál og menning kverið út á pólsku undir heitinu Idą święta: wiersze dla dzieci. Í gær mættu afkomendur Jóhannesar og þýðandinn Nina Słowińska í Þjóðarbókhlöðuna til að skoða sýninguna. Bókin var áður gefin út í enskri þýðingu Hallbergs Hallmundssonar árið 2015 undir heitinu Christmas is coming: verse for children. ■

Kápan fyrir kverið í pólskri þýðingu.

✝

Okkar hjartkæra

Halldís S. Thoroddsen

andaðist á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi miðvikudaginn 7. desember.

Jórunn Tómasdóttir **Skúli Thoroddsen**
Jón Fjörnir Thoroddsen **Eloise Freygang**
Bolli Thoroddsen **Ásta Sigríður Fjeldsted**
Erik Ribeli, Bryndís Stefánsdóttir og bræðrabörn

✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir,

Ríkarður Ríkarðsson

lögreglumaður,
Breiðvangi 3, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar, sunnudaginn 20. nóvember á líknardeild Landakotsspítala. Útför fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 12. desember klukkan 13. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans geta styrkt Orgelsjóð Húsavíkurkirkju, reikningur 192-15-380117, kt. 640969-5919, eða Ljósið, reikningur 0130-026-410420, kt. 590406-0740. Útförinni verður streymt.

Elfa Dögg Einarsdóttir
Elín Hanna Ríkarðsdóttir **Alex Rafn Elfarsson**

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 9. desember 2022

Sýning á verkum Önnu Aðalheiðar var opnuð í gær. MYND/AÐSEND

Flökt á Mokka

sandragudrun@frettabladid.is

Í gær opnaði Anna Álfheiður Brynjólfsdóttir sýninguna Flökt/Flutter á Mokka við Skólavörðustíg. Sýningin stendur til 25. janúar og er opið alla daga í Mokka frá 9 til 18.

Á sýningunni eru 17 málverk sem Anna Álfheiður hefur unnið á þessu ári. Verkin samanstanda af þrívíddarseríu sem hún hefur verið að vinna með síðastliðin tvö ár. Málverkin eru unnin í þrívíð form, með akrýl á striga annars vegar og skornum striga hins vegar. Anna Álfheiður leggur þar áherslu á að einstök smáatriði fái að njóta sín í gegnum upplifun áhorfandans.

Samtal milli áhorfanda og verks

Anna Álfheiður Brynjólfsdóttir (f. 1977) útskrifaðist með BA-gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2009 og MA-gráðu í listkennslu frá sama skóla árið 2020. Síðastliðin ár hefur Anna unnið með óhlutbundin þrívíð form málverksins í anda strangflatalistar sem hún nálgast á ljóðrænan hátt.

Viðfangsefni verka Önnu er að leitast við að skapa samtal milli áhorfandans og verksins í gegnum skynjun hans og upplifun á margþættum myndfletinum þar sem litanotkun, formgerð og endurtekning spila stór hlutverk í samspili við staðsetningar, tíma og rúm. ■

Herdís Eggertsdóttir, sölustjóri hjá ChitoCare, segir að vörur fyrirtækisins hafi slegið í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILH

Gefðu heilbrigðari húð

Vörurnar frá ChitoCare beauty hafa slegið rækilega í gegn síðustu misseri og fást nú fyrir jólin í fallegum gjafaumbúðum sem vísa í jólin á Siglufirði. 2

Jólagjafasettin frá ChitoCare eru glæsileg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gjafasettin eru með myndskreytingu sem Dagný Reykjalín hjá Bleki teiknaði af helstu kennileitum Siglufjarðar.

Boðið er upp á sjö mismunandi gjafasett þar sem mismunandi vörur eru í fókus. Til dæmis er ein askjan svört en hún er fyrir andlit og inniheldur virkustu vöru ChitoCare í baráttunni gegn ótímabærri öldrun húðarinnar, ChitoCare beauty Anti-Aging Repair Serum, en klínískar prófanir sýna að það dregur úr fínum línum og djúpum hrukkum. Síðan fylgir ChitoCare beauty Hand Cream með sem kaupauki í þessu fallega setti. Rauðu gjafasettin innihalda vörur sem henta vel fyrir líkamann en þá er ýmist í fókus sturtusápa, líkamskrem eða skrúbbur.

Virka innihaldsefnið í öllum ChitoCare vörunum er kítósan, náttúrulegt undur úr hafinu sem ver húðina þína og myndar filmu. Það dregur úr roða og pirringi, viðheldur raka og gefur húðinni silkimjúka áferð. Eiginleikar kítósans eru meðal annars græðandi áhrif og öflug vernd, það stuðlar að náttúrulegu viðgerðarferli húðarinnar. ChitoCare hentar öllum húðgerðum, einnig viðkvæmri og exemkenndri húð. Vörurnar frá ChitoCare hafa klíníska sannaða virkni, minnka hrukkur og fínar línur og auka húðraka.

Glæsilegar gjafir með kaupauka í hverri öskju

Fram að jólum mun ChitoCare bjóða viðskiptavinum sínum sem kaupa gjafaöskju upp á innpökkun þeim að kostnaðarlausu í umhverfisvænan gjafapappír. Það eina sem þarf að gera er að setja kort á gjöfina og hún er tilbúin undir jólatréð.

Herdís Eggertsdóttir er sölustjóri hjá ChitoCare á Íslandi en Primex Iceland sem er með höfuðstöðvar sínar á Siglufirði setti á markað vörulínu undir nafninu ChitoCare Beauty.

„Vörurnar okkar hafa slegið í gegn og það hefur verið ótrúlega gaman að sjá hversu vel landsmenn hafa tekið í þær. Vörurnar komu á markað árið 2018. Við byrjuðum fyrst með tvær vörur en erum búin að bæta vel í línuna og erum núna að bjóða upp á þessi flottu jólalegu gjafasett í fyrsta sinn. Þetta eru gjafasett sem er gaman að gefa. Þar sem fyrirtækið er staðsett á Siglufirði fannst okkur við hæfi að fá Dagnýju til að myndskreyta jólasettin. Þetta er svona óður til Siglufjarðar," segir Herdís.

> **Vörurnar okkar hafa slegið í gegn og það hefur verið ótrúlega gaman að sjá hversu vel landsmenn hafa tekið í þær.**
>
> Herdís Eggertsdóttir

Allir geta notað vörurnar

„Við settum einnig á markað ChitoCare sturtusápu núna í nóvember. Þetta er lífvirk sturtusápa hlaðin náttúrulegum innihaldsefnum sem hreinsa, fríska og endurnæra húðina. Hún inniheldur andoxunarefni og samsetningu virkra innihaldsefna úr hafinu og íslensku jarðhitavatni sem vernda húðina."

Herdís segir að vörurnar frá ChitoCare henti öllum. „Það geta allir notað vörurnar, konur og menn, og ilmurinn er alveg ótrúlega léttur og mildur sem hentar svo mörgum. Vissulega er markhópurinn okkar aðallega konur en við bendum á að karlarnir mega svo sannarlega nota ChitoCare." ■

Gjafasettin eru fáanleg í öllum helstu apótekum landsins, verslunum Hagkaups, Beautybox, Fríhöfn, Vorhúsi og í netverslun á chitocare.is

Það er mikið úrval af flottum gjafaöskjum fyrir líkamann.

Gjafasett sem inniheldur nýja vöru ChitoCare, Shower gel, ásamt Body lotion og Hand cream.

ChitoCare mun pakka gjafaöskjunum inn í gjafapappír fyrir viðskiptavini sína til jóla.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn:
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

SPORTÍS

SPORTIS.IS
520-1000

SKEIFAN 11
108 REYKJAVÍK

Friminútur

friminutur@frettabladid.is

Bingópíla/pílubingó

Bullseye, Snorrabraut 37

Á fimmtudag í næstu viku verður pílubingó á pílubarnum Bullseye.

Pílubingó er heimatilbúin uppfinning sem staðurinn hefur verið að þróa með litlum hópum í haust en núna er í fyrsta sinn boðið upp á pílubingó fyrir gesti og gangandi.

> Bingópíla er eins og venjulegt bingó ... nema að í stað bingókúlanna kasta gestir í píluspjald og þannig fáum við tölurnar.

En hvernig gengur bingópílan fyrir sig? „Vá, sko, stórt er spurt. Bingópíla er eins og venjulegt bingó ... nema að í stað bingókúlanna kasta gestir í píluspjald og þannig fáum við tölurnar," segir Sveinn Skorri Höskuldsson hjá Bullseye. „Fólk úr sal kemur á svið og kastar þremur pílum og reynir því að kasta í sínar tölur. Það gengur misvel." Bingógestir geta því haft bein áhrif á hvaða tölur koma upp. „Við höfum gert þetta tvisvar áður, með minni hópum og þetta er rosalega mikill stemmari."

Vinningarnir eru allt frá gjafabréfum á Bullseye til utanlandsferða.

Pílan virðist vera orðin hluti af samkvæmislífi borgarbúa á mjög stuttum tíma. „Fólk er að píla sig í gang fyrir jólahlaðborðin eða koma með vinnuvinum. Svo er heimsmeistaramótið í pílu í desember, og þá kemur oft kippur í píluvöðva landans," segir Skorri að lokum. ■

Hvað er að gerast um helgina?

9. des Föstudagur

Jólaspuni með Eldklárum og eftirsóttum kl. 17.30
Tjarnarbíó
Eldklárar og eftirsóttar er sjálfstæður hópur kvenkyns grínista sem sérhæfir sig í spuna. Þetta samansafn gáfuðustu, heitustu og fyndnustu kvenna landsins hefur það eitt að markmiði að kitla hláturtaugar áhorfenda.

ApocalypsticK: Óheilög jól kl. 20.00
Gaukurinn
Dragkabarett sem snýr upp á jólin á hressandi hátt.

Fimm mínútur í jól kl. 20.30
Húsavíkurkirkja
Valdimar Guðmundsson syngur hugljúf jólalög í nýjum útsetningum með hljómsveit sinni, Lón. Sérstakur gestur: Rakel.

Una Stef syngur jólalög Mariuh Carey kl. 21.00
Kirkja Óháða safnaðarins
Fönkdívan Una Stef tekst á við vinsælustu jólaplötu sögunnar, Merry Christmas með Mariuh Carey, ásamt Óháða kórnum, kór FÍH, hljómsveit og gestasöngvurum.

Reykjavík JÓLAkabarett kl. 22.00
Þjóðleikhúskjallarinn
Gillagaur sýnir sexí sirkusatriði, Bobbie Michelle rænir jólasveininum, ástralska sirkusdragdrottningin Enter Serenity stekkur í jólasplitt og sitthvað fleira. Bannað börnum.

10. des Laugardagur

Krakkaveldi býður jólaklippingar kl. 13.00
Norræna húsið
Krakkaveldi býður gestum í jólaklippingu. Ókeypis klippingar framkvæmdar af reyndum klippurum á aldrinum 7-12 ára!

Barnabókafjör Forlagsins kl. 14.00
Fiskislóð 39
Stjörnu-Sævar sýnir loftsteina, Margrét Tryggvadóttir kynnir nýjustu bók sína og Önnu C. Leplar, Leitin að Lúru, og Anna teiknar fyrir krakkana, Arndís Þórarinsdóttir les upp úr Kollhnís, Brian Pilkington teiknar fyrir krakkana, Gunnar Theodór Eggertsson segir frá ævintýraheiminum í Furðufjalli, Birgitta Haukdal segir frá Láru og Ljónsa og Gunnar Helgason les upp úr Bannað að ljúga.

Unglinganámskeið í dragi kl. 13.00
Kramhúsið
Ástralska sirkusdragdrottningin Enter Serenity kennir dans, hreyfitækni, sviðsöryggi og fleira. Nánari upplýsingar á Facebook-síðu Kramhússins.

Jólajóga með Kristínu Bergs kl. 13.30
Kramhúsið
Gefðu skít í þriðju vaktina og komdu í jóga. Kanilte í boði.

Desembermarkaður Q kl. 12.00
Bókasamlaginu, Skipholti 19
Listamarkaður Félags hinsegin stúdenta þar sem alls konar hinsegin listafólk verður á staðnum með listaverk til sölu.

Bjórlesk kl. 21.00
Ölverk, Hveragerði
Jólahlaðborð fullorðinsskemmtiatriða. Fram koma: Dansmærin Bobbie Michelle, sirkusfolinn Dan the Man, búrleskdrottningin Margrét Maack og ástralska sirkusdragdrottningin Enter Serenity.

11. des Sunnudagur

Búkolla, brúðusýning kl. 11.00 og 15.00
Handbendi brúðuleikhús, Hvammstanga
Þegar kýr fjölskyldunnar týnist er það ungur drengur sem þarf að finna hana. Sagan fer með okkur um vindblásna dali, upp til hæstu fjalla, alla leið til jaðars landsins, og inn í dýpstu hellana þar sem ógnvænlegar verur lúra og bíða þess að nýta sér þinn dýpsta ótta. Rata Búkolla og drengurinn hennar heim?

Heima um jólin, aukatónleikar, kl. 17.00
Menningarhúsið Hof, Akureyri
Friðrik Ómar tekur á móti einstökum jólastjörnum sem syngja jólin inn ásamt hljómsveit Rigg viðburða, strengjum og raddsveit undir stjórn Ingvars Alfreðssonar. Uppselt er á ferna tónleika á föstudag og laugardag en örfáir miðar eru til á aukatónleikana í dag kl. 17.00.

Söngfjelagið: Undir friðarsól kl. 17.00
Langholtskirkja
Óhefðbundin og glæsileg veisla, bæði fyrir eyru og augu. Söngfjelagið leggur metnað sinn í að kynna tónlist frá ýmsum heimshornum, allt frá Suður-Ameríku til Balkanskaga og syngja hana á frummálinu með aðstoð innlendra og erlendra listamanna.

Jólatónleikar Guðrúnar Árnýjar kl. 17.00 og 20.00
Víðistaðakirkja
Hátíðleg stund þar sem léttleikinn er í fyrirrúmi.

Nú er lag

Hann fékk kókoshnetu en hún fékk mangó

Jólaplatan Kósý jól með unglingahljómsveitinni Kósý hefur ekki verið fáanleg í allmörg ár. Nú nýverið kom Úlfur Eldjárn, einn stofnmeðlima, plötunni á streymisveitur og rennur allur streymiságóði í Minningarsjóð Kristjáns Eldjárn.

> Meðlimir sveitarinnar voru í menntaskóla þegar platan var gerð en hafa þeir náð langt í listheiminum síðan.

Meðlimir sveitarinnar voru í menntaskóla þegar platan var gerð en hafa þeir náð langt í listheiminum síðan. Tveir hafa helgað sig orgelinu. Úlfur Eldjárn er altmugligtmaður í tónlist og hefur ef til vill mest spilað með Apparat Organ Quartet; Magnús Ragnarsson er svo organisti í Langholtskirkju. Hinir tveir í sveitinni eru þeir Markús Þór Andrésson sýningarstjóri og Ragnar Kjartansson myndlistarmaður.

Hápunktar plötunnar eru heilmargir. Jól á Hawaii er stórkostlegur útúrsnúningur á Hátíð í bæ, Heiða í Unun er gestur sem jólastelpan og Þúsund sinnum segðu já þar sem hljómsveitarmeðlimir reyna að verða við þeirri áskorun.

Kósý jól er aðgengileg á Spotify og þau sem ekki hafa heyrt plötunnar getið áður eru hvött til að hefja hlustun með opnum hug. ■

Uppskriftin

Sörurnar langvinsælustu jólasmákökurnar

Sörurnar er þær jólasmákökur sem njóta mestrar hylli landsmanna, þær eru bæði ljúffengar og fallegar á diski. Sagan segir að hinar ljúffengu sörur séu kenndar við frönsku leikkonuna Söruh Bernhardt (1844–1923). Uppruni þeirra er sagður danskur en heiðurinn af uppskriftinni á danski kökugerðarmeistarinn Johannes Steen, sem bjó til fyrstu sörurnar þegar leikkonan heimsótti Kaupmannahöfn í tilefni af útgáfu æviminninga sinna á dönsku árið 1911.

Sarah Bernhardt var ein fyrsta leikkonan sem öðlaðist frægð á heimsvísu. Fyrst og fremst var hún sviðsleikkona í Frakklandi en ferðaðist líka víða um heim með gestaleiksýningar, meðal annars um öll Bandaríkin, til Rússlands, Bretlands, Ítalíu, Grikklands, Ungverjalands, Sviss, Danmerkur, Belgíu og Hollands. Hún tók að sér margvísleg hlutverk, einnig karlhlutverk, og árið 1899 fór hún með hlutverk Hamlets í samnefndu verki Shakespeares.

Vert er að geta þess að það er munur á sörunum eftir því hvort þær eru gerðar á danskan eða íslenskan máta. Samkvæmt íslenskum hefðum eins og uppskriftir bera með sér er smjör meginuppstaðan í kreminu en í þeim dönsku er það rjómi. Þá er botninn gerður úr möndlum samkvæmt íslenskum uppskriftum en í þeim dönsku eru það heslihnetukjarnar sem prýða botninn.

Hér kemur dásamleg uppskrift að sörum með íslensku ívafi sem steinliggur og gleður alla söruaðdáendur enda synsamlega góð.

Sörur

Botn
3 eggjahvítur
3 ½ dl flórsykur (sigtaður)
200 g möndlur (flögur)

Krem
¾ dl síróp
3 eggjarauður
100 lint smjör (við stofuhita)
2 msk. kakó

Hjúpur
250 g rjómasúkkulaði, brætt

Hitið ofninn í 180°C. Byrjið á því að stífþeytta eggjahvíturnar alveg. Bætið svo við flórsykri varlega saman við. Möndlum hrært varlega saman við með sleif. Setjið deigið í sprautupoka eða notið

teskeiðar og setjið á ofnplötu/r klædda/r bökunarpappír. Bakið við 180°C hita í 10-12 mínútur (án blásturs).

Næst er það kremið. Byrjið á því að hræra eggjarauðurnar vel, hellið mjórri bunu af sírópi í eggjablönduna meðan hrært er. Svo að lokum er smjöri og kakói bætt út í.

Látið kremið kólna í ísskáp í 1-2 klst. áður en það er sett á kökurnar. Má líka setja í frysti í um það bil 30 mínútur. Setjið síðan kremið í sprautupoka og sprautið því á sörubotnana. Notið skeið til að slétta úr kreminu þannig að það þynnist við kantana. Kælið kökurnar vel, helst í frysti, áður en þær eru hjúpaðar.

Loks er það hjúpurinn. Skerið súkkulaðið í bita og bræðið yfir vatnsbaði. Látið kólna aðeins áður en kremhlutanum á sörunum er dýft ofan í. Best er að geyma sörurnar í frysti og taka út 15 mínútum áður bera á þær fram. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Bókajól

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 9. desember 2022

Margrét hefur starfað í Pennanum Eymundsson í rúm þrjátíu ár og þekkir jólavertíðina vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bókin er alltaf vinsæl jólagjöf

Penninn Eymundsson er með sextán verslanir um allt land þar sem einfalt er að finna jólagjöf ársins sem er bók eða spil. Það er greinilegt að margir ætla einmitt að gefa slíka gjöf í ár enda úr nægu að velja í jólabókaflóðinu. 2

Margrét Jóna Guðbergsdóttir, vörustjóri hjá Pennanum Eymundsson, hefur starfað í fyrirtækinu í rúm 30 ár og kynnst mörgum sviðum þess. Hún segir að þótt alltaf séu einhverjar breytingar á milli ára þá breytist jólaverslunin ekki mikið. Íslendingar eru mikil bókaþjóð og bækur þess vegna alltaf vinsælar til gjafa. „Útgáfan í ár er mjög fjölbreytt að vanda, skáldverk, ljóð, ævisögur, matreiðsla og handbækur ýmis konar. Handavinnubækur eru til dæmis mjög vinsælar, sérstaklega prjónabækur. Síðan er mjög blómleg barna- og unglingabókaútgáfa," segir Margrét.

Játning trónir á toppnum

Penninn Eymundsson er með mjög vítt svið þegar kemur að gjafavöru og allir ættu að geta fundið eitthvað í jólapakkann. Verslunin gefur út sinn eigin metsölulista og margir kynna sér hann áður en þeir versla. „Listinn hefur áhrif á mjög marga. Játning eftir Ólaf Jóhann Ólafsson er mjög vinsæl og er nú í fyrsta sæti á listanum, þriðju vikuna í röð. Bókin Reykjavík eftir Ragnar Jónasson og Katrínu Jakobsdóttur kemur þar á eftir. Hún kom út í október og hefur gengið mjög vel alveg frá útgáfu. Margir eru forvitnir um þá bók," segir Margrét og bendir á að Kyrrþey eftir Arnald og Eden eftir Auði Övu séu líka ofarlega á listanum.

„Ein bók hefur komið töluvert á óvart en hún seldist upp. Það er bókin Keltar eftir Þorvald Friðriksson. Í bókinni er boðið upp á nýja sýn á Íslandssöguna, innsýn í það sem hefur að miklu leyti verið hulið: hina miklu hlutdeild Kelta í íslenskri menningarsögu. Ég held að útgefandinn hafi ekki verið viðbúinn þessum vinsældum og bókin seldist upp en ný prentun er nú komin í verslanir Pennans Eymundsson. Það er stundum þannig að einhver bók verður vinsæl sem ekki var endilega búist við," segir Margrét. „Metsölulistanum er stillt upp á áberandi stað í verslunum okkar og auðvelt að skoða hann og spekúlera hvað sé vinsælt," segir hún. Nýr listi kemur út í hverri viku.

Bækur og spil

Margrét segir að jólasalan sé hafin af fullum þunga. „Það var mjög ánægjulegt að sjá frétt um að bók og spil væru jólagjafir ársins samkvæmt því sem Rannsóknarsetur verslunarinnar finnur út. Við heyrum að fólk hefur tekið eftir þessu í fréttum en það fær bæði bækur og spil hjá okkur í miklu úrvali auk annarra gjafa. Við seljum bækur frá öllum útgefendum, jafnt stærri sem minni.

Jólabókaflóðið er fjölbreytt að þessu sinni og allir helstu rithöfundar landsins eru með bækur um þessi jól. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Játning eftir Ólaf Jóhann situr efst á metsölulista Pennans Eymundsson og Reykjavík eftir Ragnar Jónasson og Katrínu Jakobsdóttur kemur þar næst.

Gjafavaran er fjölbreytt. Nýlega tókum við danska hönnunarmerkið Hay til sölu en í þeirri línu eru mjög fallegar gjafavörur. Svo er tónlistin ekki alveg gleymd því við seljum mikið af vínyl-plötum fyrir jólin. Borðspil og púsluspil eru alltaf vinsælar gjafir líka. Penninn Eymundsson er sömuleiðis með mikið úrval af leikföngum og barnabókum. Vinsælasta bókin í þeim flokki þessa viku er bók Gunnars Helgasonar, Bannað að ljúga. David Walliams er einnig alltaf eftirsóttur og alveg sérstaklega núna eftir að hann kom hingað til lands í heimsókn og fyllti verslunina í Smáralind. Það hafa komið út margar bækur eftir hann á íslensku á undanförnum árum og þær njóta alltaf vinsælda. Bjarni Fritzson á tvær bækur á barnabókalistanum, Orra óstöðvandi og Sölku. Birgitta Haukdal selst vel allt árið en hún höfðar til yngsta hópsins. Núna er hún með bók sem jafnframt er spiladós með jólalögum og textum."

Trönur og penslar

„Hjá Pennanum Eymundsson færðu allt utan um pakkann, jólapappír, bönd og poka og jólakort. Myndlistarvörur hafa einnig verið vinsælar gjafir, jafnt trönur, penslar og litir auk blindramma. Stærsta deildin okkar með slíkar vörur er í Hallarmúla, bæði fyrir listamenn og byrjendur."

Margrét bendir á að ýmis konar töskur og þar á meðal ferðatöskur hafa verið vinsælar til gjafa eða eigin nota en Penninn Eymundsson býður mikið úrval af þeim og margar stærðir.

> **Útgáfan í ár er mjög fjölbreytt að vanda, skáldverk, ljóð, ævisögur, matreiðsla og handbækur ýmis konar. Handavinnubækur eru til dæmis mjög vinsælar, sérstaklega prjónabækur.**

Þegar Margrét er spurð hvort það sé ekki brjálað að gera í vinnunni á þessum árstíma svarar hún að það sé mjög gaman að vinna í Pennanum Eymundsson fyrir jólin. „Þótt það sé mikið álag þá er þetta ótrúlega skemmtilegt starf. Ég fæ alltaf smá fiðring þegar jólavertíðin fer í gang og finnst hún spennandi."

Á undanförnum árum hefur aukist að erlendir ferðamenn komi í verslanir Pennans Eymundsson og kaupi bækur. „Þetta eru bæði ferðabækur um Ísland, Íslendingasögurnar og skáldsögur sem hafa verið þýddar yfir á erlend tungumál. Langvinsælust er bókin Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness. Síðan er það Arnaldur og Yrsa auk nokkurra annarra. Þá get ég nefnt að bókin um íslensku jólasveinana og jólasveinastytturnar eftir Brian Pilkington vekja alltaf áhuga en erlendir ferðamenn eru mjög forvitnir um íslenska jólasveinahefð," segir Margrét og bætir við að Íslendingar kaupi líka mikið af slíkum bókum til gjafa fyrir erlenda vini. „Penninn Eymundsson er jafnframt með fjölbreytt úrval af erlendum bókum og tímaritum fyrir alla." ■

Opnunartími verslananna lengist í desember, upplýsingar um það eru á penninn.is. Þess má geta að jólaopnun í miðbænum og verslunarmiðstöðvunum hefst 15. desember og þá verður opið til 22 öll kvöld.

ALLAR BÆKUR

1	Játning	Ólafur Jóhann Ólafsson
2	Reykjavík glæpasaga	Ragnar Jónasson/Katrín Jakobsdóttir
3	Eden	Auður Ava Ólafsdóttir
4	Kyrrþey	Arnaldur Indriðason
5	Hamingja þessa heims	Sigríður Hagalín Björnsdóttir
6	Bannað að ljúga	Gunnar Helgason
7	Gættu þinna handa	Yrsa Sigurðardóttir
8	Yule lads	Brian Pilkington
9	Amma glæpon enn á ferð	David Walliams
10	Keltar	Þorvaldur Friðriksson

Innbundin skáldverk

1	Játning	Ólafur Jóhann Ólafsson
2	Reykjavík glæpasaga	Ragnar Jónasson/Katrín Jakobsdóttir
3	Eden	Auður Ava Ólafsdóttir
4	Kyrrþey	Arnaldur Indriðason
5	Hamingja þessa heims	Sigríður Hagalín Björnsdóttir
6	Gættu þinna handa	Yrsa Sigurðardóttir
7	Guli kafbáturinn	Jón Kalman Stefánsson
8	Tól	Kristín Eiríksdóttir
9	Saknaðarilmur	Elísabet Jökulsdóttir
10	Útsýni	Guðrún Eva Mínervudóttir

Barnabækur

1	Bannað að ljúga	Gunnar Helgason
2	Amma glæpon enn á ferð	David Walliams
3	Orri óstöðvandi Draumur Möggu Messi	Bjarni Fritzson
4	Syngdu jólalög með Láru og Ljónsa	Birgitta Haukdal
5	Salka Tímaflakkið	Bjarni Fritzson
6	Fagurt galaði fuglinn sá	Helgi Jónsson/Anna Margrét Marinósdóttir
7	Jólin koma	Jóhannes úr Kötlum
8	Jólasyrpa 2022	Walt Disney
9	Dagbók Kidda klaufa 16 Meistarinn	Jeff Kinney
10	Hrekkjavaka með Láru	Birgitta Haukdal

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103. | Veffang: frettabladid.is

Daldrandi
útgáfa



Ný barna og unglingabók

eftir Bjarna Hauk Þórsson

Æsispennandi ævintýri
fyrir börn á öllum aldri.

Þetta er grimmur heimur

Hörður Magnússon, fótboltalýsandi með meiru, er mikill bókaormur og veit fátt betra en að taka sér góða bók í hönd og lesa í frítíma sínum.

gummih@frettabladid.is

Eftirlætis rithöfundur Harðar er Ragnar Jónasson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sem endranær á þessum árstíma er úrvalið af bókum mikið og spurður hvaða bók eða bækur hann myndi helst vilja fá í jólapakka sinn um þessi jól segir Hörður:

„Sú fyrsta sem kemur upp í huga minn er Reykjavík glæpasaga eftir Ragnar Jónasson og Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. Það er spennandi bók sem mig langar klárlega að lesa. Ég hef haldið mikið upp á Ragnar í gegnum tíðina og ég væri alveg til í að fá þessa bók í jólagjöf.“

Hörður segist hafa lesið nokkrar af glæpasögum Ragnars. „Ragnar er eftirlætis höfundurinn minn og svo hef ég mikið dálæti á Arnaldi Indriðasyni og hef lesið töluvert eftir Einar Kárason. Ég hef gaman af hans nálgun.

Bækur eftir Einar Má Guðmundsson hafa einnig heillað mig en við eigum marga mjög góða íslenska rithöfunda.

Það eru ekki bara glæpasögur sem ná til mín heldur líka bækur um mannlegt eðli og þá kemur Arnaldur sterkur inn,“ segir Hörður, sem vonar innilega að einhverjar bækur leynist í þeim jólapökkum sem hann kemur til með að fá.

„Ég hef fengið bók í jólagjöf frá mömmu og pabba í mörg ár og mér finnst það virkilega notalegt að geta gripið í bókina um jólin.

Ég er mikill áhugamaður um bækur og ég vona að bókin haldi stöðu sinni.

Ég reyni líka yfirleitt að horfa á sjónvarpsþátt Egils Helgasonar, Kiljuna, en það fer svolítið eftir því hvaða bækur mann langar í og myndar sér skoðanir um. Kiljan hefur haft áhrif á mig varðandi það,“ segir Hörður, sem segist yfirleitt gefa bækur í jólagjöf. „Mér finnst bókin vera dýrmæt gjöf og góð bók getur gefið fólki ansi mikið.“

Sem fyrrverandi fótboltamaður og íþróttafréttamaður til margra ára er ekki úr vegi að spyrja hann hvort íþróttabækur höfði ekki til hans.

„Ég hef í mörg ár haft bókina Íslensk knattspyrna eftir Víði Sigurðsson mér til yndisauka og þá sérstaklega þegar ég var að spila sjálfur. Ég hef kannski lesið hana minna í seinni tíð en ég reyni alltaf að fletta í gegnum hana. Mér finnst alveg magnað hversu duglegur Víðir hefur verið í að koma þessum bókum út ár eftir ár og ég ber mikla virðingu fyrir því. Þessar bækur hans eru heimildir til eilífðar og eru bara biblía fótboltaáhugamannsins,“ segir Hörður.

Hef aldrei lagt í það

Hefur aldrei hvarflað að þér að skrifa sjálfur bók?

„Jú, það hefur alveg gert það en ég hef aldrei lagt í það. Ef við tölum út frá íþróttasjónarmiðum þá hef ég lesið margar frábærar bækur á ensku um ýmiss konar efni íþróttaeðlis. Mér finnast svona bækur vanta hér heima. Þá er ég ekki að tala upp einhverja upptalningu á úrslitum heldur viðburði sem hægt er að vinna út frá og gera spennandi.

Ég las til að mynda frábæra bók fyrir nokkrum árum um 100 metra hlaupið á Ólympíuleikunum í Seúl árið 1988 þegar Carl Lewis og Ben Johnson áttust við. Það var hægt að búa til spennandi bók um þennan viðburð og ég vil bara hvetja íslenska rithöfunda til að skoða þetta,“ segir Hörður.

Spurður hvort hann hafi verið beðinn um að skrifa bók segir hann: „Nei, en hins vegar þegar ég var að vinna hjá Stöð 2 Sport skrifaði ég tvo pistla fyrir Víði í Íslenska knattspyrnu að hans beiðni. Maður hættir sér ekkert inn á þennan ritvöll nema að vera með hundrað prósent sjálfstraust í það. Þetta er grimmur heimur og maður vill ekki vera að fara í eitthvað sem maður er ekki alveg klár í,“ segir Hörður, sem svo sannarlega hefur slegið í gegn í lýsingum RÚV á HM og hann mun lýsa stórleik Englendinga og Frakka í 8-liða úrslitunum annað kvöld.

„Það er búið að vera virkilega gaman að taka þátt í þessu verkefni með frábærum hópi og þetta hefur gefið mér mikið.

Mótið hefur líka verið stórskemmtilegt,“ segir Hörður, sem starfar sem lýsandi fyrir Viaplay en var „lánaður“ til RÚV fyrir HM-verkefnið. ■

TIL HAMINGJU!

REYKJAVÍK
glæpasaga eftir Ragnar Jónasson og Katrínu Jakobsdóttur

★★★★ - Steinþór Guðbjartsson, Morgunblaðinu

„Naut hverrar sekúndu.“
- Björn Þorláksson, Fréttablaðinu

„Einn besti krimmi sem ég hef lesið lengi.“
- Gísli Marteinn Baldursson

STRÁKAR SEM MEIÐA
eftir Evu Björgu Ægisdóttur

„Enginn glæpasagnaunnandi verður svikinn af þessari nýjustu bók Evu Bjargar.“
- Bára Huld Beck & Símon Vestarr, Stundinni

„... hlýtur að snerta hvern einasta lesanda ... vel skrifuð og athyglisverð, frásögnin spennandi ...“
- Steinþór Guðbjartsson, Morgunblaðinu

„Eva Björg Ægisdóttir er næsta stórstjarna á sviði íslenskrar glæpasagnagerðar.“
- Jakob Bjarnar, visir.is

„Elma er stórkostleg söguhetja.“
- The Times

LUNGU
eftir Pedro Gunnlaug Garcia

„Ég hafði feikilega ánægju af að lesa þessa bók ... Hún svoleiðis gleypir mann í sig.“
- Egill Helgason, Kiljunni

„Mig langar að mæla með þessari stóru, miklu og óvenjulegu bók eftir feikilega flinkan höfund ... Ég gleypti hana í mig. ... Bravó, Pedro Gunnlaugur Garcia. Beint í mark. Þið hin – lesið!“
- Sverrir Norland

„Mögnuð bók.“
- María Elísabet Bragadóttir

„Þessi er rosaleg.”
- Brynja Hjálmsdóttir

BJARTUR & VERÖLD

Magnús Þór segir styrjaldarsöguna vera eitthvað sem við getum lært af og eigum að læra af. Þess vegna sé mikilvægt að bækur Hastings komi út á íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mannlegt sjónarhorn á hörmungar stríðs

Bókin Kóreustríðið eftir rithöfundinn Max Hastings er nú komin út á íslensku í þýðingu Magnúsar Þórs Hafsteinssonar á vegum Uglu útgáfu.

Áður hefur hann þýtt nokkrar aðrar bækur, meðal annars tvær eftir sama höfund og skrifað sagnfræðibækur um sjóhernaðinn við Ísland í seinni heimsstyrjöld.

Magnús Þór Hafsteinsson býr á Akranesi og er með meistaragráðu í fiskifræði frá norskum háskóla. Hann hefur starfað sem sjómaður, fiskifræðingur, blaðamaður, ritstjóri, þingmaður, rithöfundur og þýðandi.

„Það er ekki einfalt að þýða svona bækur. Þetta er krefjandi vinna en jafnframt gefandi og skemmtileg. Íslenskt mál er ekki ríkt af hernaðarhugtökum enda erum við herlaus þjóð og höfum blessunarlega sloppið við bein stríðsátök að mestu. Ég vona þó að þetta hafi tekist sæmilega hjá mér," segir Magnús og kímir.

Kóreustríðið og Vítislogar

„Kóreustríðið fjallar um mikla og mannskæða styrjöld sem var háð á Kóreuskaganum 1950-1953 og stendur í reynd fram á þennan dag því það var aldrei samið um frið heldur vopnahlé sem heldur enn nær 70 árum síðar. Höfundurinn dregur upp mynd af aðdraganda átakanna, segir sögu þeirra og hvernig menn náðu loks að semja um vopnahlé. Þetta stríð hefur haft áhrif allt fram á þennan dag.

Vítislogar er saga seinni heimsstyrjaldar í einu bindi. Heilmikið verk sem telur 900 síður. Það er stórkostleg bók þó ég segi sjálfur frá. Hún dregur mjög vel fram mannlega þáttinn við stríð og í henni eru margir ógleymanlegir kaflar. Bókin er afar vel skrifuð. Sterkasti boðskapur hennar er að átök á borð við seinni heimsstyrjöld eru svo skelfileg að þau mega aldrei gerast aftur. Þess vegna verðum við að kynna okkur þessa sögu, við megum alls ekki gleyma henni."

Stríð frá mannlegu sjónarhorni

Sir Max Hastings er fæddur 1946. Hann er fyrrverandi blaðamaður og ritstjóri stórblaða í Bretlandi og er afar virtur og þekktur í sínu heimalandi. Eftir að hann komst á aldur í blaðamennskunni sneri hann sér að fullu að ritun bóka. Hann hefur skrifað fjölda sagnfræðiverka um styrjaldasögu, endurminningabækur og fleira. Auk þessa er hann virkur í breskri samfélagsumræðu og vinsæll fyrirlesari.

„Hastings er afar fær sagnfræðingur og góður penni. Hann starfaði lengi sem stríðsfréttamaður í Víetnam, fyrir botni Miðjarðarhafs, í Falklandseyjastríðinu og víðar. Hann hefur geysimikla þekkingu á því sem hann skrifar um og byggir mikið á eigin viðtölum við þátttakendur, dagbókafærslum, sendibréfum og þess háttar. Hastings eltist ekki mikið við frásagnir stjórnmálamanna eða herforingja, heldur leitar hann frekar í reynslu almennings, bæði hermanna og óbreyttra borgara. Það gerir frásögn hans mjög sterka og oft á tíðum einstaka þar sem mannlegi þátturinn vegur þungt. Efnistökin verða mjög góð því hann býr augljóslega að áratuga reynslu sem blaðamaður," segir Magnús.

Styrjaldarsagan er lærdómur fyrir yfirvofandi heimsstyrjöld

„Ég er mikill áhugamaður um sögu, stjórnmál, bækur og bókmenntir. Mér finnst óskaplega gaman að miðla efni, segja fólki frá einhverju nýju, bæta við þekkingarbrunn okkar allra og auka skilning fólks," segir Magnús.



„Styrjaldasagan snýst bæði um stjórnmál og mannleg örlög. Ég réðst í að þýða þessar bækur vegna þess að ég tel að þær færi afar mikilvæga vitneskju. Þær sýna okkur hvernig venjulegt fólk upplifir þann hrylling sem styrjaldir eru. Jafnframt fáum við innsýn í hvaða aðstæður skapa slíka voðaatburði.

> **Það sem er einstakt við báðar bækur er að sagan er að miklu leyti sögð frá sjónarhóli venjulegs fólks, en það ber ávallt þyngstu byrðarnar í svona átökum.**

Nú á tímum þegar við stöndum á barmi stórstyrjaldar í Evrópu sem gæti hæglega magnast upp í þriðju heimsstyrjöldina, þá er afar mikilvægt að við kynnum okkur sögu svona átaka til að reyna að draga af þeim lærdóm. Bæði saga seinni heimsstyrjaldar og Kóreustríðsins getur falið í sér vegvísi að lausn í Úkraínustríðinu áður enn verr fer. Sagan getur kennt okkur svo margt og hjálpað okkur að skilja samtíma okkar. Það sem er einstakt við báðar bækur er að sagan er að miklu leyti sögð frá sjónarhóli venjulegs fólks, en það ber ávallt þyngstu byrðarnar í svona átökum.

Þetta er allt saga sem við getum lært af og eigum að læra af. Öll sem á annað borð hafa áhuga á samfélagsmálum og sögu ættu að kynna sér efni þessara bóka. Styrjaldir í nútímanum hafa bein áhrif á lífskjör hér á landi eins og við sjáum með Úkraínustríðið. Sama myndi gerast ef kæmi upp ófriður í Suðaustur-Asíu. Við höfum skyndilega nýtt stríð í Evrópu og spennan er alltaf að magnast á Kóreuskaganum og við Taívan. Það er vel hugsanlegt að þarna brjótist á næstunni út átök. Bók um sögu Kóreustríðsins á því augljóst erindi við samtímann."

Í höndum lesenda

Max Hastings hefur skrifað fleiri bækur sem hverfast um styrjaldir. „Í haust sendi hann frá sér bók um sögu Kúbudeilunnar 1962. Hann hefur líka skrifað merk verk um upphaf fyrri heimsstyrjaldar og sögu Víetnamstríðsins þar sem hann var sjálfur sem stríðsfréttaritari. Allt eru þetta bækur sem þyrftu að koma út á íslensku og allar eru þær frábærar. En þetta veltur allt á því að svona bækur seljist.

Útgáfa Vítisloga í fyrra gekk sem betur fer mjög vel og sú bók er núna nánast uppseld í harðspjaldaútgáfu en kom út í kilju á þessu ári. Ef Kóreustríðið selst vel þá langar mig til að þýða fleiri bækur eftir Hastings, því þetta eru mikilvægar bækur, en það er ekkert ákveðið enn. Það má segja að þetta sé í höndum lesenda," segir Magnús að lokum. ■

BÓKAJÓL

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning

FJÖRUVERÐLAUNIN · BÓKMENNTAVERÐLAUN KVENNA Á ÍSLANDI ·
TILNEFNING

Þú finnur réttu bókina hjá okkur





ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Tilnefning





LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**

„Nú má hafa gaman á bókasöfnum,“ segir Eydís Stefanía Kristjánsdóttir barnabókavörður. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Kynnir króka og kima bókasafnsins

Eydís Stefanía Kristjánsdóttir barnabókavörður tekur daglega á móti börnum í starfi sínu hjá Amtsbókasafninu á Akureyri. Hún segir mikilvægt að börnin viti að þau eru alltaf velkomin á bókasafnið.

starri@frettabladid.is

Það er mjög gefandi að starfa á bókasöfnum, ekki síst þegar hluti starfsins snýst um að taka á móti börnum og kynna fyrir þeim dásemdir bókanna, segir Eydís Stefanía Kristjánsdóttir, barnabókavörður á Amtsbókasafninu á Akureyri, en þar hefur hún starfað síðan í ágúst í fyrra.

„Mér finnst langskemmtilegast að spjalla við krakkana, lesa fyrir þau og sýna þeim alla króka og kima bókasafnsins. Það er frábært þegar ég næ að kveikja hjá þeim áhuga á lestri og á bókasafninu almennt. Okkur þykir mikilvægt að allir krakkar viti af okkur, að þau viti að bókasafnið sé opið öllum og að þau séu alltaf velkomin. Allir sem hafa lögheimili á Akureyri fá hjá okkur frítt bókasafnskort og allt okkar efni lánast án endurgjalds.“

Liður í því að láta bæjarbúa vita af safninu er að bjóða skólahópum reglulega í heimsókn þar sem krakkarnir fá fræðslu um safnið og mikilvægi lesturs. „Einnig er ég oft með upplestur eða við fáum til okkar vinsæla rithöfunda til þess að lesa upp úr bókum sínum eða vera með ritlistasmiðju. Það þykir okkur góð leið til þess að vekja áhuga og forvitni krakka um bækur, lestur og sögugerð.“

Bókasöfnin hafa breyst mikið

Starfsemi bókasafna hefur tekið miklum breytingum á undanförnum 10 til 20 árum og eru þau ekki lengur bara safn fullt af bókum þar sem alltaf þarf að hafa hljótt, segir Eydís. „Nú má hafa gaman á bókasöfnum. Við á Amtsbókasafninu erum til dæmis ekki bara að lána út bækur heldur einnig borðspil, kökuform og annan óhefðbundinn safnkost. Við erum einnig með alls konar viðburði á safninu. Alla fimmtudaga yfir vetrartímann er sögustund og föndur þar sem ég les fyrir börnin og við föndrum og höfum gaman saman. Einnig erum við með spilaklúbba bæði fyrir börn og fullorðna, íslenskuklúbb, handavinnuklúbb og margt fleira.

Á safnið eru allir velkomnir og við kappkostum að bjóða upp á notalegt umhverfi og góða þjónustu. Með fjölbreyttum safnkosti, alls konar viðburðum og klúbbum vonumst við til þess að ná til sem flestra hópa samfélagsins.“

> Okkur þykir mikilvægt að allir krakkar viti af okkur, að þau viti að bókasafnið sé opið öllum og að þau séu alltaf velkomin.
>
> Eydís Stefanía Kristjánsdóttir

Spennandi ungir höfundar

Hún segir marga flotta unga rithöfunda vera að gefa út nýjar bækur um þessar mundir. „Ég tek sérstaklega eftir því í barnabókunum sem mér finnst frábært. Það er greinilega mikill áhugi á því að skrifa bækur fyrir börn. Þá er það bara undir okkur fullorðna fólkinu komið að fá börnin til þess að lesa þessar flottu bækur. Að mínu mati er eitt sem rithöfundar þurfa að hafa í huga þegar kemur að því að skrifa bækur fyrir börn og unglinga og það er að bókarkápan selur oftar en ekki bókina. Krakkar í dag eru ekki mikið að lesa aftan á bækurnar til þess að fræðast um innihald bókarinnar heldur grípa oftast bókina sem fyrst fangar augu þeirra.“

Það eru nokkrir höfundar sem hafa fest sig vel í sessi hjá ungu kynslóðinni að sögn Eydísar og nefnir sem dæmi þau Gunnar Helgason, Ævar Þór Benediktsson, Bjarna Fritz og Birgittu Haukdal. „En eins og ég segi eru margir nýir og flottir höfundar að skjóta upp kollinum og munu vonandi festa sig vel í sessi hjá komandi kynslóðum. Af þeim má meðal annars nefna Rebekku Sif Stefánsdóttur, Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur og auðvitað marga fleiri.“

Tekur tarnir í lestri

Bókaáhuginn hefur fylgt Eydísi frá því hún var smástelpa. „Á fullorðinsárum tek ég tarnir þar sem ég les og les hverja bókina á fætur annarri en dett svo úr lestrarstuði inni á milli. Ég les nánast hvað sem er, allt frá morðsögum eftir Yrsu, Ragnar og Stefán Mána til rómantískra bóka eftir Jenny Colgan og Söruh Morgan. Mér finnst hins vegar ekki gaman að lesa bækur þar sem fyrir kemur eitthvað yfirnáttúrulegt. Mér finnst gott að geta lifað mig inn í söguna, geta mátað mig við hana og ímyndað mér hana í raunveruleikanum. Ég næ því ekki alveg þegar ég les um eitthvað sem ég trúi ekki á. En það er bara ég og sem betur fer erum við misjöfn. Svo les ég auðvitað líka eina og eina barna- og unglingabók. Bæði fyrir börnin mín og mig sjálfa en það er gott að geta mælt með einhverri bók þegar krakkana vantar hugmyndir að lesefni.“ ■

SPENNUJÓL



1 BÓKSÖLU LISTINN
Topplistinn
28.11. – 4.12.

Komdu í heimsókn
í bókabúð Forlagsins
eða verslaðu heima á
forlagid.is





LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | **www.forlagid.is**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun
@frettabladid.is

María ásamt kisunni Freyju, en María hefur skrifað mikið frá því hún var lítil stelpa.
MYND/ LINDA GUÐGEIRS

Sögupersónurnar trufla nætursvefninn

Rithöfundurinn María Siggadóttir situr ekki auðum höndum. Hún hefur skrifað sögur, leikrit og ljóð frá því hún var lítil stelpa en var þó komin yfir fimmtugt þegar hún gaf út sína fyrstu bók. Síðan þá hefur hún varla lagt pennann frá sér.

María starfar á sambýli í Þorlákshöfn og skrifar í frítíma sínum. Hún er hluti af hóp skálda sem gefur út smásagnasafn árlega, alltaf með ákveðnu þema. Í sumar kom út smásagnasafnið Krakkasögur – Bland í poka. María á tvær sögur í bókinni en þetta er í annað sinn sem hún tekur þátt í að gefa út bók með hópnum.

„Þemað í ár voru krakkasögur. Við vorum bara sex með sögur í smásagnasafninu í ár, sem er óvenjulítið. Síðast gáfum við út smásagnasafnið Óratíma, en þá var þemað vísindaskáldsögur," segir María.

„Krakkasögurnar hafa verið mjög vinsælar, fyrsta upplagið seldist upp og nýtt upplag er komið í bókabúðir. Umfjöllunarefnið er alls konar. Önnur sagan mín, Bláu skórnir, fjallar um rasisma. Hún fjallar um litla drenginn Baldur sem á vini sem eru af erlendu bergi brotnir en hann þarf að fást við snobb og rasisma móður sinnar þar til hún fær ærlega ráðningu og snýst til betri vegar.

Hin sagan mín heitir Gestur bókahestur. Hún gerist í litlu þorpi úti á landi og segir frá vinunum Birtu og Kára sem eru dugleg að lesa og fara oft á bókasafnið. Krakkarnir ráða sig í vinnu hjá bókasafnsverðinum við að flytja bækur til fólks sem hefur ekki heilsu til að sækja bækur sjálft. Þau kynnast gamla hestinum Gesti sem fær nýtt hlutverk og aðstoðar þau við bókaflutninga. Báðar sögurnar eru með góðan boðskap um jafnrétti, tillitssemi og hjartagæsku."

Sá söguna fyrir sér

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem María skrifar fyrir börn. Fyrsta skáldsagan sem kom út eftir hana, árið 2014, er Jólasaga úr Ingólfsfjalli.

„Ég var búin að vera með þá sögu í kollinum lengi. Ég horfði á Ingólfsfjall út um eldhúsgluggann hjá mér og sá algjörlega í höfðinu á mér hvernig sagan var. Svo mörgum, mörgum árum seinna hugsaði ég: Hvernig væri nú bara að ég myndi skrifa söguna?" segir María. Það varð upphafið að rithöfundarferli hennar. Síðan þá hefur hún gefið út, auk smásagnanna, tvær ljóðabækur, Stjörnudamask á þvottasnúru og Í gegnum laufþakið og aðra skáldsögu, Hvítserk, sem kom út í maí.

„Hvítserk skrifaði ég fyrst sem smásögu og fékk aðstoð hjá vini til að binda saman í nokkrum eintökum til að gefa í jólagjafir til nánustu fjölskyldumeðlima. Beinagrindin þótti snjöll og spennandi og sagan og plottið í henni þótti mjög gott. Þá byrjaði ballið. Margir yfirlestrarhestar ljáðu mér lið. Til að mynda: lögregla, geðlæknir, kennarar og svo framvegis," segir María.

„Ég fékk hvatningu til að halda áfram. Ég fitaði söguna smátt og smátt og fór í Endurmenntun háskólans í ritlist hjá Önnu Heiðu Pálsdóttur. Þar leið mér bæði eins og nördi og snillingi. Það var hellingur af bókum sem nemendur þurftu að lesa og ég hafði lítið fengist við lestur þá, en var heltekin af sjónvarpsglápi. Hins vegar snaraði ég fram kafla úr glæpasögunni sem var í smíðum og það var meira en margir nemendur gátu státað sig af."

María segist einnig hafa fengið ráðleggingar um Hvítserk hjá Björgu í Stílvopninu og er hún henni þakklát fyrir það.

„Ég hóf svo skrif á framhaldi um verkefni lögreglukonunnar Heru Hallvarðsdóttur áður en ég hafði lokið við Hvítserk og vinn í þeirri sögu um þessar mundir ásamt öðru," segir hún.

Sögurnar banka á hugann

Aðspurð hvaðan hún fái innblástur að sögunum svarar María að hún hafi svo rosalega fjörugt ímyndunarafl að sögurnar komi bara til hennar.

„Ég var sennilega skrýtið barn, alltaf að búa til vísur og sögur. Ég hafði og hef mjög frjótt ímyndunarafl. Hugmyndir vekja mig oft í svefnrofunum, ýmist á kvöldin eða á morgnana rétt áður en morgunninn er að birtast. Persónur sem ég hef skapað tala við mig og trufla nætursvefninn, vilja að ég haldi áfram að skrifa. Ég elskaði að skrifa ritgerðir í skólanum sem unglingur og mjög oft voru þær lesnar upp fyrir bekkinn. Ég skrifaði líka leikrit þegar ég var unglingur og langar að taka til við þá iðju aftur einhvern tímann." ■

> **Svo mörgum, mörgum árum seinna hugsaði ég: Hvernig væri nú bara að ég myndi skrifa söguna?**

Gleðjum börnin með góðri bók!

MÚMÍN og Depill









FRÍ HEIMSENDING www.uglautgafa.is

Ugla

Jólakötturinn læðist um í bókasafninu

Jóhanna María Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

Það er alltaf nóg um að vera á bókasöfnunum fyrir jólin. Jólabókaupplestrar, viðburðir fyrir börnin og ýmislegt fleira fyrir fullorðna, börn og fjölskyldur. Bókasafn Kópavogs tekur virkan þátt í jólaundirbúningnum og býður upp á ríkulega dagskrá fyrir hátíðirnar.

„Það er nóg um að vera á Bókasafni Kópavogs fyrir jólin. Um miðjan nóvember héldum við árlegt bókaspjall þar sem við fengum til okkar þrjá flotta rithöfunda sem lásu úr nýjustu skáldsögunum sínum og tóku þátt í líflegum umræðum," segir Bylgja Júlíusdóttir, deildarstjóri viðburða á Bókasafni Kópavogs. „Síðustu helgi var svo aðventuhátíð Kópavogsbæjar sem er einn stærsti viðburður ársins hjá Menningarhúsunum. Þá var mjög hugguleg stemning á bókasafninu með jólaföndri og sögustundum fyrir alla fjölskylduna. Við settum einnig upp gjafainnpökkunarstöð sem gestir safnsins mega nýta sér alla daga fram að jólum.

Við erum svo heppin að Tónlistarskóli Kópavogs er hérna beint við hliðina á okkur í Hamraborginni. Fyrir Covid var orðin hefð fyrir því að fá nemendur í hljóðfæraleik inn á safnið til að spila nokkur vel valin jólalög fyrir gesti og gangandi og ætlum við að taka upp þráðinn að nýju þetta árið. Tónleikarnir verða á aðalsafninu okkar miðvikudaginn 14. desember kl. 16.00 og eru öll velkomin," segir Bylgja. Alla viðburði bókasafnsins og hinna Menningarhúsanna má finna á vefnum meko.is.

Þrjú hundruð börn í heimsókn

Árlega fá Bókasafn Kópavogs og Náttúrufræðistofa Kópavogs til sín heimsóknir frá leikskólahópum í Kópavogi sem hluti af viðburðaröð sem nefnist Jólakötturinn. Viðburðurinn er árlegt samstarfsverkefni bókasafnsins og Náttúrufræðistofu.

„Jólakötturinn var settur á laggirnar árið 2004 og er hugsaður fyrir börn á eldra stigi leikskólanna," segir Haraldur Rafn Ingvason, líffræðingur á Náttúrufræðistofu. „Árlega mæta um 300 börn í jólakattardagskrána á safninu og það stefnir í að við fáum svipaðan fjölda í ár," segir Bylgja og bætir við: „Leikskólahópar koma á safnið og hlusta á skemmtilega sögu um jólaköttinn í barnadeild bókasafnsins. Í sögunum lendir jólakötturinn í ýmsum ævintýrum og þarf að takast á við fjölbreytt verkefni meðal mannfólksins."

Það er alltaf hátíðlegt að kíkja í bókasafnið fyrir jólin enda eru bækur eitt það jólalegasta sem hugsast getur.

Frá vinstri: Bylgja Júlíusdóttir, Finnur Ingimarsson, Haraldur Rafn Ingvason, Gréta Björg Ólafsdóttir, Sigurlaug Jóna Hannesdóttir og Elísabet Indra Ragnarsdóttir. Öll starfa þau hjá Bókasafni Kópavogs, Menningarhúsunum í Kópavogi, Náttúrufræðistofu og Lindasafni. Jólasveinarnir tveir fyrir framan skelltu sér svo með í myndatökuna.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jólakötturinn lifir á nokkuð fábreyttu mataræði miðað við flestar aðrar kattartegundir, að sögn Haraldar, líffræðings á Náttúrufræðistofu.

Kanadagaupur og jólakötturinn

„Að lokinni sögustund fá börnin svo fræðslu frá okkur hjá Náttúrufræðistofu um alls kyns kattardýr, allt frá litlum húsköttum yfir í stærðarinnar tígrisdýr. Fyrir þennan aldurshóp er sjónum aðallega beint að sérkennum kattardýra og hvað er líkt eða ólíkt með mismunandi tegundum þeirra, en minni áhersla er lögð á fæðuval og atferli jólakattarins sjálfs," segir Haraldur.

Haraldur segir þó jólaköttinn vera nokkuð sér á báti þegar kemur að einsleitu fæðuvali. „Oftast lifa kattardýr á fremur fjölbreyttri fæðu sem þó kemur öll úr dýraríkinu. Mikil sérhæfing í fæðuvali er þó þekkt, til dæmis hjá Kanadagaupum sem lifa að mestu á snæhérum. Fátt bendir hins vegar til að þær séu fyrirmynd jólakattarins og má trúlega frekar finna skyldleika hans með öðrum þjóðsagnaverum á borð við urðarketti," segir hann.

Bókasafnsjólin í faraldri

Fyrstu jólin í heimsfaraldrinum þurfti að fella niður alla viðburði á bókasafninu. „Hópar gátu til að mynda ekki heimsótt safnið til að fræðast um jólaköttinn og því var ákveðið að jólakötturinn myndi heimsækja leikskólana rafrænt. Arndís Þórarinsdóttir rithöfundur skrifaði bráðskemmtilega sögu um jólaköttinn sem hún las inn á myndband sem sent var á leikskólana. Það vakti mikla lukku. Í fyrra fórum við svo aðra leið og gáfum leikskólunum góða bók að gjöf til að bæta upp fyrir viðburðaleysið það árið. Bókin sem varð fyrir valinu var Rauð viðvörun! Jólin eru á leiðinni, eftir Sigrúnu Eldjárn. Um er að ræða spennandi jólasögu sem hentar einstaklega vel til lestrar á aðventunni," segir Bylgja. ■

Jólatré geta verið alls konar. Þetta fallega jólatré var sett saman úr bókum og marglitri jólaseríu.

Tónlistarskóli Kópavogs heldur árlega tónleika á aðalsafninu miðvikudaginn 14. desember kl. 16.00.

Í fyrra gaf bókasafnið leikskólunum bókina Rauð viðvörun! Jólin eru á leiðinni, eftir Sigrúnu Eldjárn, til að bæta upp fyrir viðburðaleysið vegna faraldurs.

Gleðileg bókajól

Allt fyrir góðu pakkana undir trénu

Bakað meira með Elenoru Rós
Elenóra Rós
3.699 kr.



Jólasyrpa 2022
2.099 kr.



Ástin á Laxá: Hermóður í Árnesi og átökin miklu
Hildur Hermóðsdóttir
5.899 kr.

Hrafninn - þjóðin, sagan, þjóðtrúin
Sigurður Ægisson
7.999 kr.

Stóri bróðir
Skúli Sigurðsson
4.799 kr.

ÍSLENSKU GLÆPASAGNA VERÐLAUNIN
BLÓÐDROPINN
TILNEFNING

netto

Bóbó bangsi eykur málvitund og orðaforða barna

Bækurnar um Bóbó bangsa eru spennandi og gerast í umhverfi sem börnin þekkja. Þær eru mikið notaðar af talmeinafræðingum til að örva málþroska barna.

„Bók er frábær jólagjöf fyrir börn, og ekki síst litlu krílin sem eru lítið sem ekkert farin að tala. Sjálf var ég farin að lesa fyrir mín börn þegar þau voru rétt farin að halda haus, þriggja mánaða gömul, og sýndi þeim þá bækur fyrir eins árs, með einföldum og skýrum myndum, rétt eins og maður sýnir þeim leikföng. Ég ætlaðist auðvitað ekki til að þau segðu orðin sem ég las fyrir þau en ég fann hvað þau veittu myndunum mikla athygli og nutu þess að heyra mig segja orðin út frá myndunum.“

Þetta segir Gerður Guðjónsdóttir, talmeinafræðingur og þriggja barna móðir. Hún hittir mörg börn í sínu starfi.

„Talmeinafræðingar notast mikið við bækur í talþjálfun barna og við tölum um hvernig foreldrar geta lesið bækur fyrir börnin sín heima því það eykur bæði orðaforða þeirra og málvitund. Því er mikilvægt að foreldrar byrji snemma að lesa fyrir börn sín, helst á meðan þau eru enn ómálga,“ segir Gerður.

Spennusögur fyrir börn

Gerður mælir með harðspjaldabókunum um Bóbó bangsa fyrir börn á aldrinum 0 til fjögurra ára, en Setberg gefur bækurnar út.

„Þessar bækur eru hálfgerðar spennusögur fyrir lítil börn því í sögunum gerist alltaf einhver atburður. Börnin hafa gaman af því og bíða í eftirvæntingu eftir spennuaugnablikunum, eins og þegar fuglinn stelur ísnum! Þá bregðast þau við af spenningi. Gott er að hafa bækurnar fjölbreyttar en það er heldur ekkert slæmt þótt börn vilji sömu söguna æ ofan í æ. Þeim þykir gott að heyra það sem þau hafa heyrt áður og að vita hvað kemur næst, og þannig læra þau orð og orðaforða. Niðurstöður rannsókna sýna að börn þurfi að heyra orð ótal sinnum til að meðtaka þau, læra og nota sjálf, og því er einfaldlega gott að lesa sömu bókina aftur og aftur. Þannig lærir barnið söguna frekar, eflist og lærir að segja sögur sjálft,“ greinir Gerður frá.

Hún segir mikilvægt að gefast ekki upp þótt barn sýni ekki áhuga á lestrinum í fyrstu.

„Þessi sameiginlega lestrarstund er gefandi og í dag finnst mér sérstaklega þurfa að minna oft á að ekki megi gleyma því að gefa okkur tíma til að lesa fyrir börnin. Ég held líka að það sé það sem flest börn þrá frá foreldrum sínum, ömmum og öfum. Að þeim sé gefinn tími og sest sé niður í rólegheitum með fallega bók. Ég mæli líka með að dreifa bókum um heimilið í stað þess að hafa þær sem punt í hillum, til dæmis við matarborðið og í stofunni, þar sem heimilisfólkið er. Að setja í forgang á heimilinu að lesa fyrir barnið, og vera dugleg að skipta út bókum og hafa þær aðgengilegar þannig að börn grípi í þær sjálf.“

Gerður Guðjónsdóttir talmeinafræðingur er þriggja barna móðir sem hefur alltaf lagt áherslu á bóklestur fyrir börn sín. Hér les hún Bóbó bangsa og jólin fyrir yngsta barnið sitt, Birki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Í bókunum um Bóbó bangsa er margt að gerast sem fangar athygli barna og sögurnar gerast í umhverfi sem börnin þekkja; á heimili, í sveit og á jólum.**
>
> Gerður Guðjónsdóttir

Nýju Bóbó-bækurnar eru Bóbó bangsi og jólin, Bóbó bangsi heima og Bóbó bangsi í sveitinni.

Fylgni lesturs og málskilnings

Gerður segir talmeinafræðinga aldrei verða þreytta á því að hvetja foreldra til að lesa fyrir börn sín.

„Við hvetjum þá til að velja bækur með fallegum og skýrum myndum, eins og Bóbó bangsa. Þar er margt að gerast sem fangar athygli barnanna og sögurnar gerast í umhverfi sem börnin þekkja; á heimili, í sveit og á jólum.“

Gerður bendir á að til séu margar rannsóknir sem sýni fram á fylgni lesturs og fjölbreyttari orðaforða hjá börnum sem lesið er fyrir daglega eða oft í viku.

„Ávinningur barna af bóklestri er mikill og hann eflir málskilning þeirra þegar til lengri tíma er litið. Þá þarf ekki alltaf að lesa textann í bókinni heldur er líka hægt að segja frá því sem við sjáum á myndum. Það notum við mikið í mínu starfi, leyfum barninu að komast af stað og bætum svo við. Þá vil ég minna á að það er mikilvægt að feður lesi líka fyrir börn sín, það eflir tengslin og þeir lesa oft öðruvísi og beita rödd sinni á annan hátt en mæður.“

Ekki megi heldur gleyma því að lesa fyrir eldri börnin.

„Í fyrstu bekkjum grunnskóla hnjóta börn um fullt af orðum sem þau skilja ekki. Þegar þau eru svo farin að lesa mestmegnis sjálf hafa þau engan til að spyrja um framandi orð jafnóðum. Eldri börn þurfa því ekki síður á lestrarstund að halda með sínum nánustu og þá getur maður útskýrt orðin jafnóðum. Stundum veit maður líka fyrir fram hvaða orð þau skilja ekki: orð sem eru minna notuð í málinu í dag, en það einmitt eflir orðaforða þeirra,“ segir Gerður og mælir með lestri fyrir börn upp að tíu til tólf ára aldri.

Orðaforðinn kemur úr bókunum

Börn Gerðar eru ellefu, átta og þriggja ára.

„Ég hef alltaf verið dugleg að lesa fyrir börnin mín og reyni til dæmis alltaf að lesa fyrir minn yngsta eftir leikskóla. Svo er gaman að heyra hann nota orð úr bókunum, eins og „beltagrafa“ og „tengivagn“ en hann er mikill áhugamaður um vinnuvélar og maður sér hvaðan orðaforðinn kemur: úr bók. Lestur bæði eykur tilfinningu barna fyrir tungumálinu og þau eignast fleiri orð yfir hlutina,“ segir Gerður.

Hún hefur starfað í níu ár við talþjálfun.

„Talmeinafræðingar vinna á stofum, í leikskólum, grunnskólum, sjúkrahúsum og þjónustumiðstöðvum. Verkefnin eru fjölbreytt; við störfum með börnum með frávik í málþroska eða málþroskaröskun, greinum frávik í framburði og sinnum fólki sem stamar, er með málstol eftir heilablóðfall, raddvandamál og líka börnum á einhverfurófi og með ADHD, þar sem málþroski verður oft á eftir þegar þroskafrávik eru til staðar,“ upplýsir Gerður.

Hún segir bóklestur fyrir börn gagnlegan öllum börnum og enn frekar börnum með frávik.

„Við vitum fyrir víst að tengsl eru á milli lesturs fyrir börn og aukins málþroska og orðaforða. Með lestri erum við að kenna þeim tungumálið. Þegar við lesum fyrir þau ættum við heldur ekki að spyrja þau í sífellu spurninga sem þau geta ekki svarað, heldur hafa í huga að þegar við lesum erum við að leggja inn orðaforða hjá þeim.“

Skammdegið segir Gerður tilvalinn árstíma til að eiga kósí lestrarstund með börnum, og ekki síst þeim sem eru undir eins árs.

„Fólk heldur gjarnan að ekkert þýði að lesa fyrir barn sem er ekki farið að tala, en það er einmitt mjög skemmtilegt að lesa fyrir ungbörn og smábörn, sýna þeim myndir og leika dýrahljóðin með, til dæmis kisu og mjálma með. Það er gaman að sjá hversu börnin eru fljót að tileinka sér það.“

Bóbó bangsi gleður litlu börnin

Bóbó bangsi er geysivinsæll hjá langyngstu kynslóðinni. Bækurnar eru harðspjalda og auðvelt að fletta þeim fyrir litla fingur. Bækurnar eru auk þess endingargóðar svo notagildið er mikið. Bóbó bangsi er gæddur þeim hæfileika að draga spennta litla lesendur með sér inn í ævintýri og litlir lesendur og hlustendur taka þátt í lífi Bóbós og litlu gulu andarinnar hans sem er aldrei langt undan. ■

Bækur um Bóbó bangsa fást um land allt og á setberg.is

setberg
bækur fyrir börn

Nýjustu bækurnar fyrir jólin

Sjö notalegar og stuttar sögur til að lesa saman fyrir svefninn

Vinsælustu harðspjalda flettibækurnar um Bóbó fyrir yngstu börnin

Ellefu hvetjandi sögur fyrir krakka með stóra drauma



Uppgvötaðu undraheim trjáa á þessum stórkostlegu gegnsæju blaðsíðum

Líttu inn í mannslíkamann á þessum skemmtilegu gegnsæju blaðsíðum

Þessar afþreyingabækur eru stútfullar af skemmtilegum verkefnum og ráðum fyrir alla krakka

Fyrir börn á öllum aldri. Spennandi aðventu föndurbók

Skemmtileg flipabók með stórfurðulegum staðreyndum fyrir forvitna krakka

Þú finnur barnabækurnar frá Setberg í Hagkaup, Penninn Eymundsson, A4, Bónus og á setberg.is

Gleðileg bókajól!

Allt fyrir góðu pakkana undir trénu



Flói bernsku minnar
Guðni Ágústsson
5.299 kr.

Spítalastelpan
Sigmundur Ernir Rúnarsson
5.299 kr.

Þormóður Torfason
Bergsveinn Birgisson
5.299 kr.

Hjarta Íslands: Frá Hrísey til Fagradalsfjalls
Gunnsteinn Ólafsson & Páll Stefánsson
9.999 kr.

Skipin sem hurfu
Steinar J. Lúðvíksson
5.399 kr.

Sjófuglinn
Egill Ólafsson
4.999 kr.



Eitt satt orð
Snæbjörn Arngrímsson
5.299 kr.



Það sem ég hefði viljað vita
Edda Falak
4.899 kr.

Tríó lendir í ævintýrum
Bjarni Hafþór Helgason & Freydís Kristjánsdóttir
2.999 kr.

Obbuló í Kósímó: Duddurnar
Kristín Helga Gunnarsdóttir & Halldór Baldursson
2.799 kr.

Fáðu betra verð og safnaðu inneign með Samkaupa-appinu

netto

Hvað er um að vera í næstu viku?

12. desember
mánudagur

■ **Þú veist... svona jóla kl. 18.00 og 20.30**
Langholtskirkja
Karlakórinn Esja, Kvennakórinn Katla, Drengjakór Reykjavíkur og Olga Vocal Ensemble taka höndum saman á stórtónleikum.

■ **Mánudjass kl. 21.00**
Húrra
Húsbandið spilar eitt sett og svo er sviðið opið. Öllum er velkomið að spila, syngja, dansa eða bara njóta tónlistarinnar.



13. desember
þriðjudagur

■ **Jólasexí með Margréti Maack kl. 18.30**
Kramhúsið
Tíminn er blanda af danstíma, núvitund, leiklist og þokkaæfingum. Tilvalinn tími til að gefa sjálfum okkur í aðventugjöf.

■ **Teiknimyndajól með Viðlagi kl. 20.30**
Tjarnarbíó
Viðlag flytur vinsælustu teiknimyndalögin sem allir þekkja, en í nýjum búningi með sprenghlægilegum íslenskum textum eftir kórmeðlimi. Það verður sungið, dansað, hlegið og mögulega grátið.

14. desember
miðvikudagur

■ **The Alternate Assembly kl. 20.00**
Gaukurinn
Fjöllistasýning Andrew Sim þar sem fram koma alls kyns skemmtikraftar.

15. desember
fimmtudagur

■ **Bingópíla kl. 20.00**
Bullseye, Snorrabraut 37
Vinningarnir eru allt frá gjafabréfum á Bullseye til utanlandsferða.

Dragið opnar dyr að heiminum

Sirkusdragdrottningin Enter Serenity er í sýningarheimsókn á Íslandi þessa helgina. Þetta er lokahnykkur ferðalags sem hófst í júní.

„Ég er hluti af dragsirkus sem heitir Briefs og er búinn að ferðast með þeim um heiminn. Við byrjuðum í London þar sem við vorum með sýningar í sumar í speglatjaldinu við Thames, svo var það Fringe-hátíðin í Edinborg og svo þrír mánuðir á ferðalagi um Svíþjóð. Ég var svo glaður að sjá að vistarverur mínar á Íslandi eru með eldhúsi! Ég hef ekki eldað síðan í maí!“

Serenity heitir Dylan Rodriguez undir sminkinu og glamúrnum. Dylan er þrautþjálfaður sirkuslistamaður en byrjaði dragferilinn fyrir þremur árum. Mikið af því sem dragdrottningar gera eru ýmsir sirkusfimleikar „...svo þetta kom eiginlega af sjálfu sér. Dragið hefur þó verið lykillinn sem opnaði dyrnar að heiminum sem venjulegi sirkusstrákurinn hafði ekki.“

Með vinsældum þátta á borð við RuPaul's Drag Race er dragið orðið aðgengilegt skemmtiform. „Auðvitað langar mig að taka þátt einhvern tímann í ástralska Drag Race – ég er bara alltaf á sýningarferðalögum þegar það er verið að taka upp! Ég finn fyrir því alls staðar að fólk segir: „Má ég fá mynd, svo ég eigi mynd þegar allur heimurinn sér þig í Drag Race? Þannig að fólk hefur rosalega trú á okkur Serenity.“

Enter Serenity kemur fram í kvöld með Reykjavík Kabarett í Þjóðleikhúskjallaranum og annað kvöld, laugardag, á Ölverki í Hveragerði. „Jú, það er alveg geggjað að koma fram í eldgömlum risastórum leikhúsum, en skemmtilegastar eru barsýningarnar með klístruðu sviðunum.“

Einnig verður námskeið á morgun í Kramhúsinu klukkan 13.00 fyrir unglinga sem hafa áhuga á að læra ýmsa dragtengda framkomu. „Þetta hentar öllum kynjum og kemur sér vel í lífinu. Hvort sem þú ert að hugsa um svið, dansgólf eða bara að líða vel í eigin skinni fyrir framan annað fólk þegar þú heldur fyrirlestur.“

Nánar má lesa um námskeiðið á Facebook undir Teen Workshop with Enter Serenity. ■

■ Skrítin staðreynd vikunnar

Sígrænn gróður aldagömul hefð

Jólatréð er eldra en jólin sjálf. Rómverjar og Egyptar skreyttu híbýli sín með sígrænum gróðri í kringum vetrarsólstöður til að minna á að vorið kæmi alltaf aftur. Svo hvort sem þú skreytir tréð á Þorláksmessukvöldi eða í byrjun október, þá skiptir tímasetningin ef til vill ekki máli í stóra sögulega samhenginu.

Áramótaheitið að gera eina trélitamynd á dag

Elsa Nielsen hönnunarstjóri á auglýsingastofunni Kontor og fyrrverandi Ólympíufari er mikið jólabarn og nýtir listræna hæfileika sína líka utan vinnutíma.

sjofn@frettabladid.is

Elsa er einstakleg fjölhæf og býr yfir listrænum hæfileikum sem hún hefur meðal annars nýtt til að skapa sína eigin jólalínu með fallegum myndskreytingum sem minna á bernskuna, litlu hlutina sem tengjast jólunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Elsa er búin að hanna sína eigin jólalínu sem er ævintýralega falleg og inniheldur meðal annars jólagjafapappír, jólakort, dagatöl og fleira fallegt.

„Ég lærði grafíska hönnun í Listaháskólanum þar sem ég kynntist allri myndlistarflórunni. Ég er svo praktísk og var lengi búin að láta mig dreyma um að verða auglýsingateiknari svo ég valdi þá leið. Var samt alltaf mjög spennt fyrir málun og öllum hinum brautunum í LHÍ. Mér finnst ég vera í skemmtilegustu vinnu í heimi – skapandi og fjölbreytt alla daga. En það er líka gott að geta sinnt listinni fyrir sjálfan sig, því í starfinu mínu er ég að hanna fyrir ólíka viðskiptavini hverju sinni. Ég er fyrrverandi Íslandsmeistari í badminton og Ólympíufari og var á æfingum öll kvöld í viku hér áður fyrr. Þegar ég lagði skóna á hilluna myndaðist ákveðið tómarúm á kvöldin og listin varð fyrir valinu.“

Heimsmeistari í tvíliðaleik

Þótt Elsa hafi lagt skóna á hilluna er hún enn að æfa og hefur meira að segja verið að keppa. „Það er akkúrat ár síðan ég varð heimsmeistari í tvíliðaleik kvenna í 40+ flokknum og er því ríkjandi heimsmeistari ásamt Drífu Harðardóttur, makkernum mínum. Það var algjörlega geggjað! Við unnum stelpur frá Kóreu í úrslitum en næsta heimsmeistaramót er einmitt í Kóreu næsta september. Hver veit nema maður skelli sér? Þetta er mín líkamsrækt og ég spila tvisvar í viku með hópunum mínum til margra ára, alltaf á sama tíma, á sömu völlum.“

Ein trélitamynd á dag í heilt ár

Segðu okkur aðeins frá jólalínunni þinni, hvaðan þú færð innblástur og hvernig hún varð til.

„Árið 2015 langaði mig að rifja upp gamla trélitatakta og ákvað 1. janúar að það yrði mitt áramótaheit – að teikna eina litla trélitamynd á hverjum degi í eitt ár. Þar sem keppnisskapið er mikið þá stóð ég við það og teiknaði 365 teikningar sem voru einhvers konar myndræn dagbók.

Ég deildi síðan myndunum á Instagram og margir fylgdust með og þannig fékk ég hvatningu til að halda áfram og klára árið. Út frá þessum teikningum ákvað ég svo að hanna vörulínu. Nýta þessar teikningar sem ég var búin að hafa fyrir að teikna – í heilt ár! #einádag vörurnar voru svo til sölu í helstu hönnunarverslunum hér heima en einnig voru þær til í Illums Bolighus í Danmörku og Wanted Design í New York um tíma.

Í smásölu á hönnunarvöru þarf maður að vera duglegur að uppfæra og koma með nýjar vörur og þetta var orðið ansi stórt verkefni og erfitt að halda utan um ásamt vinnu minni sem grafískur hönnuður. Ég setti svo saman jólavörulínu úr myndunum í kjölfarið sem ég framleiði enn þá sem áhugasamir geta nálgast í gegnum Instagram, @elsanielsen. Svo fæst #einádag vikudagatal og jólapappírinn hjá Farva í Álfheimum eða á Farvi.is sem er dásamleg hönnunarverslun. Árið 2016 hlaut ég nafnbótina bæjarlistamaður Seltjarnarnesbæjar og var með sýningu á öllum 365 litlu teikningunum.“

Trélitamyndirnar hennar Elsu í desember sóma sér vel á jólamerkimiðum og jólapappír og minna óneitanlega á jólin. Þessir litlu hlutir á myndunum fá okkur til að finna ilminn á jólunum.

> Ég fékk þann heiður að teikna jólafrímerkin fyrir Póstinn árið 2020. Teiknaði litlar trélitateikningar af piparkökum og voru þær með piparkökuilmi.

Teiknaði jólafrímerki með piparkökuilmi

Elsa sendir enn þá handskrifuð jólakort. „Mér finnst ekkert skemmtilegra en að fá jólakort. Því miður eru þau ekki mörg lengur en við hjónin vorum með hefð og opnuðum saman öll jólakortin þegar krakkarnir voru komnir í ró á aðfangadag. Þá var opnuð ein rauðvín og kortin opnuð í kjölfarið.

Ég fékk þann heiður að teikna jólafrímerkin fyrir Póstinn árið 2020. Teiknaði litlar trélitateikningar af piparkökum og voru þær með piparkökuilmi. Það er svo mikil synd að það sé ekki lengur verið að hanna falleg frímerki – nú er bara stimpill. Síðustu fjögur ár hef ég teiknað jólakort fyrir SOS Barnaþorpin sem hafa selst eins og heitar lummur hjá þeim – þannig að það eru einhverjir fleiri sem halda í þessa frábæru hefð.“

Eins og sjá má á jólalínu Elsu er hún mikið jólabarn og kann að koma minningum í myndrænt form. „Mér finnst ekkert betra en að njóta með fjölskyldu og vinum í ljósadýrðinni í desember. Svo finnst mér skemmtilegt að pakka inn gjöfum og skreyta pakka. Fallegur jólapappír gleður.“

Jólalínuna prýða myndir af góðgæti sem kemur með jólin, eins og flatköku, söru, piparköku, konfektmola og mandarínu svo dæmi séu tekin.

Fallegar litasamsetningar og myndbygging

Elsa málar líka í frítímanum og nýtur þess að vera með pensil í hönd. „Ég er náttúrulega pínu ofvirk. Það er svo gaman að vera skapandi og fá smá útrás. En það má aðeins sjá tengingu í grafíska hönnun í mínum verkum. Er að vinna með litla kassa og ég vil meina að þetta sé eins konar framlenging af skjápixlum sem ég er með á skjánum mínum allan daginn. Ég hef mikinn áhuga á litapallettum og litasamsetningum. Fyrst var ég að vinna með jarðliti en núna er ég orðin aðeins villtari – rétt eins og grafísk hönnun hefur þróast. Nú snýst þetta frekar um að vera með skæra skjáliti og ég held að það færist sjálfkrafa yfir í listina mína. Ég vinn með blandaða tækni, með sparsl, sand og akríl. Hef ekki þolinmæði fyrir olíuna. Stíllinn minn einkennist af fallegum litasamsetningum og myndbyggingu. Með akríllitum næst þessi dýpt sem ég leitast eftir.“

Elsa segist vera í skemmtilegustu vinnu í heimi. „Verkefnin eru ofsalega fjölbreytt og skemmtileg þar sem ég get nýtt allt sem ég hef lært og meira til. Það sem ég elska mest við vinnuna mína er þegar hugmyndirnar verða að veruleika; í sjónvarpi, í útvarpi, á húsgafli, á strætóskýlum, í verslunum, á skjánum, á netinu og í símanum. Síðan er ekkert skemmtilegra en að fá verðlaun fyrir auglýsingar og dæma í hönnunarsamkeppnum. Art Directors Club of Europe bað mig að dæma í árlegri hönnunarkeppni í Ríga í Lettlandi fyrir stuttu síðan og það er svo gott að koma heim með innblástur þaðan.“ ■

Áhugasamir geta fylgst með Elsu á Instagramreikning hennar @elsanielsen

ÚLPUDAGAR Í CURVY

20% AF ÖLLUM ÚLPUM DAGANA 8-11 DES

Í Curvy færðu fallegan og vandaðan fatnað í stærðum 42-60
Sjáðu úrvalið í netverslun www.Curvy.is eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-18
Sunnudaga frá kl. 13-17

Curvy

Brown Luxa Úlpa
26.392 kr
~~32.990 kr~~

Camp Parka
15.992 kr
~~19.990 kr~~

Peachy Úlpa
8.792 kr
~~10.990 kr~~

Flís Softshell
22.392 kr
~~27.990 kr~~

Aura Softshell
18.392 kr
~~22.990 kr~~

Camp Jakki
13.592 kr
~~16.990 kr~~

Track Vetrar Úlpa
29.592 kr
~~36.990 kr~~

Ultra Violet Úlpa
14.392 kr
~~17.990 kr~~

Verslunin Curvy | Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Nissan Leaf Tekna rafmagnsbíll. 40 kWh. battery 11/2021 ekinn 18.þ.km. Flottasta typa með öllum fáanlegum búnað. Evrópu bíll í ábyrgð. Nú er að taka skrefið inn í framtíðina og hætta að kaupa bensín. Verð. 4.680.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

BLÖÐIN
Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

regnvorn.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Frábær hægindastóll til sölu á góðum kjörum. Uppl. í s. 626 1223

Heilsa

Heilsuvörur



Tendraðu ljós í lífi barns

Vertu SOS-foreldri

Of mörg börn eru **yfirgefin**, **án kærleiks** og **umönnunar** mömmu og pabba. Eins og í ævintýrinu um litlu stúlkuna með eldspýturnar.

SOS BARNAÞORPIN ÍSLAND

Tendraðu ljós í lífi barns!
Gefðu umkomulausu barni kærleiksríkt heimili og örugga æsku. Vertu SOS-foreldri fyrir minna en 130 kr. á dag. **Skráðu þig á sos.is**

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþrótta- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.
20.00 Eyfi + Eyjólfur Kristjánsson fær til sín góða gesti sem taka með honum lagið.
20.30 Fréttavaktin (e)
21.00 Íþróttavikan með Benna Bó (e) Íþrótta- og skemmtiþáttur með Benedikt Bóasi.

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Kastljós
13.35 Jólin koma Katrín Halldóra Sigurðardóttir og Króli.
13.55 92 á stöðinni
14.20 Bækur og staðir
14.30 HM stofan
14.50 Króatía - Brasilía Bein útsending.
16.50 HM stofan
17.10 Átök í uppeldinu
17.50 KrakkaRÚV
17.51 Ofurhetjuskólinn
18.06 Týndu jólin Dularfulla bréfið.
18.18 KrakkaRÚV - Tónlist Eitt lítið jólalag - Birgitta Haukdal.
18.20 Húllumhæ
18.35 Randalín og Mundi. Dagar í desember
18.45 Bækur og staðir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Kastljós
19.55 Randalín og Mundi. Dagar í desember Ein heima
20.00 Jólaminningar
20.15 Kappsmál
21.20 Deck the HallsSkreytum hús
22.55 The Lennon Report Morðið á John Lennon Bandarísk kvikmynd frá 2016 sem byggir á sannsögulegum atburðum. Þann 8. desember 1980 var John Lennon skotinn til bana fyrir utan heimili sitt í New York. Í þessari mynd er ljósi varpað á fólkið sem varð vitni að voðaverkinu og gerði allt sem hægt var til að bjarga lífi Lennons. Leikstjóri: Jeremy Profe. Aðalhlutverk: Richard Kind, Evan Jonigkeit og Devin Ratray. Myndin er ekki við hæfi barna yngri en 16 ára.
00.20 Séra Brown Father Brown
01.05 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

11.30 Dr. Phil
12.10 The Late Late Show
13.30 The Neighborhood
13.55 Love Island Australia
15.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
15.05 Tilraunir með Vísinda Villa
15.15 Ávaxtakarfan
15.30 Ævintýri herra Píbodýs og Sérmanns - ísl. tal
17.00 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu - Jólamóðir
17.15 American Auto
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 The Neighborhood
19.40 Black-ish
20.10 Julevenner Emmsjé Gauta 2021
22.00 Daddy's Home
23.40 Hansel and Gretel. Witch Hunters
01.05 Footloose
02.50 From
03.50 Tónlist

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Mentalist
08.50 Bold and the Beautiful
09.15 Cold Case
10.00 Girls5eva
10.25 10 Years Younger in 10 Days
11.10 Lífið er ljúffengt - um jólin
11.15 Nágrannar
11.40 30 Rock
12.20 Bara grín
12.45 Þetta reddast
13.10 Eldhúsið hans Eyþórs
13.35 Út um víðan völl
14.05 First Dates Hotel
14.55 Saved by the Bell
15.25 30 Rock
16.05 McDonald and Dodds
17.30 Bold and the Beautiful
17.50 Nágrannar
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Annáll 2022 Fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar rifjar upp árið alla virka daga í desember.
19.05 Idol Stöð 2 leitar að næstu Idol-stjörnu og það er óhætt að lofa frábærri skemmtun enda stefnir í stærsta og glæsilegasta skemmtiþátt vetrarins. Í dómnefnd sitja Birgitta Haukdal, Herra Hnetusmjör, Bríet og Daníel Ágúst og kynnar eru þau Aron Már og Sigrún Ósk.
20.25 The Adventures of Tintin
22.10 The 355
00.15 Radioactive
02.00 The Deer Hunter

Gunnar Birgisson og Björgvin Páll Gústavsson

Gunnar Birgisson, íþróttafréttamaður á RÚV, sest í Íþróttavikuna með Benna Bó í kvöld. Hann verður þar ásamt Herði Snævari Jónssyni, íþróttastjóra Torgs. Þeir fara yfir fréttir vikunnar og takast á um leik morgundagsins, þar sem Frakkar mæta Englendingum. Landsliðsmarkvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson kemur svo í lokin til að ræða ævintýri Vals og bókina sína.

Krossgáta



LÁRÉTT
1 kærleiks
5 leiðsla
6 í röð
8 ávöxtur
10 í röð
11 kvk nafn
12 atóm
13 rannsókn
15 hryggðar
17 plata

LÓÐRÉTT
1 aldur
2 frásögn
3 hyggja
4 röndin
7 dútla
9 svæði
12 hafa
14 ennþá
16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 ástar, 5 röð, 6 áb, 8 agúrka, 10 tu, 11 elr, 12 eind, 13 leit, 15 angurs, 17 narra.
LÓÐRÉTT: 1 arataia, 2 sögu, 3 trú, 4 rákin, 7 barduga, 9 reitur, 12 elga, 14 enn, 16 rr.

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Euwe átti leik gegn Fontein í Amsterdam árið 1939.

1...Hc1! 2. Hxc1 Dd1+! 3. Hxd1 Hxd1# 0-1. Íslandsmótið í atskák fer fram á morgun í Bankanum Vinnustofu á Selfossi. Meðal keppenda eru flestir sterkustu skákmenn landsins. Skráningafrestur rennur út á miðnætti í kvöld.

www.skak.is: Íslandsmótið í atskák.

Sudoku

			2		6	4	8	
	4			1	3	5		6
					7	1	2	
4	1			8		9		5
		3	5					
8	9		6		1			
	3	8	1				6	
9	2							
				3	8	2		

	5	6		9				1
		1			4			7
				1		7	3	2
		4	2			8		
	6	3		5			1	
							7	
	1		6	8				
		2		4		3	6	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Þær tvær urðu venjulegt fólk

Vinkonurnar Júlíana Sara og Vala Kristín eru konurnar á bak við þættina Venjulegt fólk sem hafa slegið í gegn í íslensku sjónvarpi undanfarin ár en aldrei hafa verið framleiddar eins margar þáttaraðir af leiknu íslensku framhaldsefni.
Þær ræða um vinskapinn, sköpunargleðina og mikilvægi þess að hafa góðan húmor í helgarblaði Fréttablaðsins.

Trúði því að hún ætti ofbeldið skilið

Arna Ósk dvaldi sem barn á leikskólanum Hörðuvöllum í Hafnarfirði. Hún segir ofbeldi sem hún varð fyrir þar hafa fylgt sér fram á fullorðinsár. Arna segir það að verða fyrir ofbeldi í æsku ekki gott veganesti út í lífið en hún trúði því lengi að hún ætti ofbeldið skilið en skilar nú skömminni til þeirra sem hana eiga.

Árið fær falleinkunn

Lenya Rún Taha Karim varaþingmaður og Stefán Ingvar Vigfússon uppistandari gera upp árið á innlendum vettvangi. Verðbólga, eldgos, blóðmerahald og undirheimastríð er meðal þess sem tekið er fyrir í Rökstólum. Niðurstaðan er að árið fær falleinkunn en bjartsýni ríkir fyrir árinu 2023.

NÍSTANDI SÁR SAGA

Í ***Bréfunum hennar mömmu*** opnar Ólafur Ragnar Grímsson bréfasafn fjölskyldu sinnar sem veitir einstæða innsýn í glímuna við berklaveikina. Áhrifamikil heimild um baráttu þjóðar við hvíta dauða.

Ólafur Ragnar ritar inngangskafla og milliþætti sem tengja bréfin saman.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

Hátíða veisla

1.998
kr./kg

úrbeinaður

1.679
kr./kg

m/beini

Þarf ekki að sjóða

Skannið QR kóðann fyrir eldunarleiðbeiningar

1.595
kr./kg

Aðeins að hita

Bónus humarsúpa
1 kg

1.298
kr./pk.

Hráar risarækjur
454 g

5.798
kr./kg

Skelflettir humarhalar

BÓNUS

Verð gildir til og með 11. desember eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

3.598 kr./kg

Norðlenska fjalla hangilæri
úrbeinað

3.998 kr./kg

Íslandslamb hangilæri
Skagfirskt
úrbeinað

1.998 kr./kg

Hangiframpartur
kofareyktur
með beini

2.598 kr./kg

Hangilæri
kofareykt
með beini

2.999 kr./kg

Frosinn lambahryggur
lundapartur

4.998 kr./kg

Frosið lambafillet

1.398 kr./kg

Skata
kæst og söltuð

Sama verð og í fyrra

1.795 kr./kg

Frosnar kalkúnabringur
100% kjöt

399 kr./pk.

Myllu Lífskornabrauð
Þrjár tegundir

98 kr./stk.

Víking hátíðarblanda
330 ml

Ef skotið geigar þá eigum við...

959 kr./stk.

Frosin rjúpa
375 g

1.698 kr./pk.

Frosin rjúpnabringa
280 g

Brotin: Fyrsta sería

BÆKUR

Brotin
Jón Atli Jónasson
Útgefandi: JPV
Fjöldi síðna: 327

Brynhildur Björnsdóttir

Jóni Atla Jónassyni eru lögreglukonur og börn nokkuð hugleikin þessi árin. Í skáldsögunni Andnauð sem kom út á Storytel í sumar er lögreglukona sem leggur ýmislegt í sölurnar til að eignast barn og einnig skrifaði hann fyrir nokkrum árum nokkra þætti í finnskri sjónvarpsþáttaseríu um lögreglukonu sem átti fatlað barn sem hafði áhrif á líf hennar og störf.

Hvatvís og hnífskörp

Í glæpasögunni Brotin er lögreglukonan Dóra í forgrunni en hún lifir með því að hafa fengið voðaskot í höfuðið við skyldustörf sem hafði þau áhrif á heilann að breyta persónuleika hennar, losa um hömlur og hvatvísi og skerpa athyglisgáfuna. Þessi breyting gerir Dóru í senn afburða góða í sínu fagi þar sem hún sér hlutina ekki eins og aðrir og kemur því oft auga á það sem öðrum yfirsést, en einnig fullkomlega ófæra um að sinna starfinu þar sem hún hefur ekki stjórn á hvatvísi sinni og hnífskarpri tungu.

Vinnufélagi hennar Rado á ekki síður áhugaverða baksögu, allt frá því að koma til Íslands sem barn á flótta undan Bosníustríðinu að því að vera tengdur inn í helstu glæpagengi landsins. Saman fá þau það verkefni að finna stálpið Morgan sem hverfur úr skólaferðalagi á Þingvöllum en sagan fer svo um víðan völl innlendra gengjastríða og alþjóðlegra stórglæpamanna sem svífast einskis.

Vel heppnuð glæpasaga

Brotin er í alla staði mjög vel heppnuð glæpasaga. Jón Atli hóf feril sinn sem leikritaskáld og því eru persónurnar sérstaklega vel skrifaðar og trúverðugar í framandleika sínum og plottið er þykkt og safaríkt með ólíkum þráðum sem að lokum bindast vel og rækilega saman.

Lýsingarnar á undirheimum Reykjavíkur eru óþægilega trúverðugar og innsýnin í átök milli glæpagengja og hvernig lögreglan skipuleggur rassíur er áhugaverð og spennandi, ekki síst núna þegar raunveruleiki slíks færist sífellt nær hinum almenna borgara. Lýsingar á slagsmálum og líkamsmeiðingum verða kannski full langdregnar, alla vega fyrir lesanda sem hefur ekki mikla þolinmæði fyrir slíku í myndmiðlun heldur, en virka samt til að gefa atburðum trúverðugan blæ.

Jón Atli hefur unnið við skriftir á sjónvarpsþáttum, bæði hér heima og erlendis, árum saman og það er mjög auðvelt að sjá fyrir sér hvernig Brotin gæti orðið að sjónvarpsseríu. Og helst nokkrum þar sem persónur Dóru og Rado eiga heilmikið inni. ■

> **Brotin er í alla staði mjög vel heppnuð glæpasaga. Jón Atli hóf feril sinn sem leikritaskáld og því eru persónurnar sérstaklega vel skrifaðar og trúverðugar.**
>
> Brynhildur Björnsdót tir

NIÐURSTAÐA: Vel heppnuð glæpasaga, áhugaverð persónusköpun og flétta sem gengur vel upp.

Allt sama ormagryfjan

Listamaðurinn Hildigunnur Birgisdóttir fer á sextugasta Feneyjatvíæringinn 2024 fyrir Íslands hönd. Hún segir valið hafa komið sér í opna skjöldu en kveðst þegar vera byrjuð að undirbúa sig.

tsh@frettabladid.is

Hildigunnur Birgisdóttir listamaður á vinnustofu sinni úti á Granda. Hún er þegar byrjuð að undirbúa sig fyrir Feneyjatvíæringinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hildigunnur Birgisdóttir útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands 2003 og hefur verið virk í sýningarhaldi í tæpa tvo áratugi. Hún segir þó fregnirnar um Feneyjatvíæringinn hafa komið sér í opna skjöldu.

„Það var náttúrlega bara pínu óraunverulegt að heyra af þessu. Ég var afar þakklát, átti náttúrlega ekki von á þessu þar sem það var ekkert opið kall og ég var ekkert búin að sækjast eftir þessu. Ég var bara ógeðslega upp með mér," segir hún.

Hvenær fékkstu að vita að þú hefðir verið valin?

„Það var í maí. Það var algjört grín að halda þessu leyndu. Ég gat sagt manninum mínum og dóttur minni og þau voru ekki alveg með á hreinu hvað þetta væri. Það var gott að komast á jörðina hjá þeim eftir að hafa öskrað úti í bíl. Er þetta mikið vesen? var spurningin sem ég fékk," segir Hildigunnur og hlær.

Oft að fást við sömu hlutina

Hildigunnur segist oft hafa heimsótt tvíæringinn og er því vel kunnug þessum heimsþekkta listviðburði. „Þetta er bara eitthvað sem myndlistarmenn gera. Þetta er svona hálfgerð uppskera á tveggja ára fresti."

Með list sinni skoðar Hildigunnur gjarnan afurðir mannaldarinnar og neyslusamfélagsins og spyr spurninga um fegurð, notagildi og samhengi hlutanna. Hún segist strax vera byrjuð að pæla í því hvers konar verk hún muni sýna á tvíæringnum.

„Ég er oft að fást við sömu hlutina en þeir koma fram í mjög breytilegum birtingarmyndum hjá mér, ég vinn ekki í einn miðil eða á einn hátt í einhverju heildarkonsepti eða svoleiðis. Mér þótti einmitt mjög vænt um að vera valin en þurfa ekki að fara í gegnum inntökuferli, af því þá er ég frjáls undan tiltekinni heildarhugmynd og get haldið áfram með það sem ég er nú þegar að gera."

Risastórt samhengi

Hildigunnur gerir ráð fyrir að hún muni sýna mörg verk á tvíæringnum en ekki eitt stórt.

„Verk taka auðvitað alltaf mið af aðstæðum. Þetta verður bara sýning á mínum verkum. Þannig að það er það sem ég er að fara að gera, ég held bara áfram með verkin mín og þau fá kannski svolítið meira súrefni núna og fá að dafna," segir hún.

> **Það var algjört grín að halda þessu leyndu.**

Þannig þú þarft þá kannski ekkert að hugsa þessa sýningu öðruvísi en vanalega?

„Nei, ekki bara nema að hver einasta sýning er náttúrlega öðruvísi af því það er alltaf annað samhengi. Þetta er náttúrlega risastórt samhengi sögulega séð í gömlum iðnaðarbyggingum."

Sigurður Guðjónsson var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum í ár og var sýningarrýmið nú í fyrsta sinn í gömlu skipasmíðastöðinni Arsenale. Hildigunnur gerir ráð fyrir að hún muni einnig sýna þar.

Framleiðum umframefni

Þú vinnur gjarnan með fundna hluti úr nærumhverfi. Muntu halda því áfram á tvíæringnum?

„Það verður alveg örugglega það sem ég er að fara að gera, ég held bara áfram með verkin mín og þau fá kannski svolítið meira súrefni núna og fá að dafna," segir hún.

Þannig þú þarft þá kannski ekkert að hugsa þessa sýningu öðruvísi en vanalega?

„Nei, ekki bara nema að hver einasta sýning er náttúrlega öðruvísi af því það er alltaf annað samhengi. Þetta er náttúrlega risastórt samhengi sögulega séð í gömlum iðnaðarbyggingum."

Sigurður Guðjónsson var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum í ár og var sýningarrýmið nú í fyrsta sinn í gömlu skipasmíðastöðinni Arsenale. Hildigunnur gerir ráð fyrir að hún muni einnig sýna þar.

Framleiðum umframefni

Þú vinnur gjarnan með fundna hluti úr nærumhverfi. Muntu halda því áfram á tvíæringnum?

„Það verður alveg örugglega einhver fundinn hlutur, ég er náttúrlega alltaf heilluð af verkum mannanna. Við erum að framleiða umframefni á hverjum degi. Neyslusamfélagið er í óðaönn að framleiða efni fyrir næsta tvíæring."

Spurð um hvaða hlutverki henni finnist listin gegna gagnvart neyslusamfélaginu segir Hildigunnur:

„Þetta er allt hluti af sömu ormagryfjunni sem við mannkynið erum búin að koma okkur í, listin er að sjálfsögðu ekkert undanskilin henni og ekki ég heldur. Þannig að mín afstaða hlýtur að eiga sér stað inni í miðri hringiðu þess. Ég er svo sem ekkert að fjalla um málið úr verndaðu umhverfi rannsóknarstofunnar heldur er ég bara inni í skrímslinu að reyna að henda reiður á þessum óskapnaði og er hluti af þessu kerfi á sama tíma."

Stór sýning á ferlinum

Heldurðu að þetta verði stór stökkpallur fyrir þig sem listamann?

„Ég held að það geti alveg verið. Þetta er alla vega alltaf stór sýning í ferli listamanns. Þetta er gott tækifæri fyrir listamann til að þroskast, taka stöðuna og jafnvel hleypa sér eitthvert sem maður hefði ekki áður farið. Það er náttúrlega alveg ofboðslegt magn af sýningum og listamönnum sem eru þarna þannig að þetta er líka bara mikil ofgnótt og mikil veisla. En það yrði skemmtilegt ef einhver þeirra hundruð þúsunda sem fara þarna í gegn myndi kveikja á listinni manns og finna samhljóm með henni og einhverju innra með sér." ■

Rithöfundakokteill í Ásmundarsal

tsh@frettabladid.is

Ragnar Jónasson og Sverrir Norland skipulögðu kokteilinn. MYND/AÐSEND

Ásmundarsalur stendur að tveimur Bókakokteilum í salnum í samvinnu við rithöfundana Ragnar Jónasson og Sverri Norland. Fyrra kokteilkvöldið fór fram í gær en það seinna verður haldið í kvöld klukkan 20.00. Þar mun gestum bjóðast tækifæri til að smakka eftirlætiskokteil uppáhaldshöfundar síns og spjalla við höfundinn um leið.

Tólf rithöfundar taka þátt í dagskránni og hafa valið sér eftirlætis drykk og verða sex þeirra á staðnum til að skála við lesendur sína hvort kvöld. Á staðnum verður barþjónninn Marshall Williams frá Reykjavík Roasters sem blandar drykki höfundanna. Glæsilegur nýr kokteilseðill hannaður af Lilju Cardew verður til sýnis. Þá munu listakonurnar Salka Rósinkranz og Tóta Kolbeins einnig prenta bókamerki á staðnum sem eru tilvalin til að læða inn í prentaðar jólagjafir.

Bækur höfundanna verða auk þess til sölu og hægt að fá áritanir. Að sögn skipuleggjenda er þó aðalatriðið einfaldlega að hittast og hafa gaman, skiptast á hugmyndum og spjalla um bækur yfir góðum drykk. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir, höfundar jafnt sem lesendur.

Rithöfundarnir sem koma fram á Bókakokteil í Ásmundarsal í kvöld eru Jón Kalman Stefánsson, Katrín Jakobsdóttir, María Elísabet Bragadóttir, Sigríður Hagalín Björnsdóttir, Sverrir Norland og Pedro Gunnlaugur Garcia. ■

Lyfjaval
HEILSA & HAMINGJA

Lengri opnunartími í Suðurfelli

Tvær bílalúgur
Einfalt og þægilegt

Opið virka daga
8.30 - 20

Opið laugardaga
11 - 17

Glæsibæ • Bílaapótek Vesturlandsvegi • Urðarhvarfi • Mjódd
Bílaapótek Hæðasmára • Apótek Suðurnesja • Bílaapótek Suðurfelli

Íþróttirnar sem eru ekki til

Bestu íþróttatölvuleikirnir eiga það sameiginlegt að byggja á íþróttum sem eru ekki til.

arnartomas@frettabladid.is

Nú þegar HM í fótbolta er í algleymingi gætu einhverjar sófakartöflur reynt að fá íþróttamannsfantasíunni svalað í gegnum smá FIFA. Þetta eru algeng mistök því FIFA er, og hefur í alltaf verið, leiðinlegur leikur. Tölvuleikir eiga jú að vera leið fyrir okkur sem troðum endalausan marvaða grámyglunnar til að upplifa eitthvað nýtt sem ömurlegur raunveruleikinn getur ekki boðið okkur.

Þráhyggjan í FIFA, og öðru hliðstæðu drasli frá EA fyrir aðrar íþróttir, varðandi að rembast við að halda leiknum raunverulegum, heldur aftur af honum. Hér er þess vegna stuttur listi yfir leiki um íþróttir sem eru ekki til en eru margfalt skemmtilegri. ■

Windjammers 2

Nostalgíusprengja og nýtt framhald af hinni oft gleymdu klassík Windjammers frá 1994. Hvern hefði grunað að leikur um keppnisfrisbí gæti verið svona ógeðslega skemmtilegur? Spilunin er upp á tíu og grafíkin og tónlistin draga mann aftur í tímann þegar heimurinn var betri staður.

Rocket League

Sem einn af vinsælustu tölvuleikjum heims þarfnast Rocket League líklega engrar kynningar. Við skulum samt gera það fyrst við erum á annað borð að setja saman þennan lista. Rakettuknúnir bílar takast á í fótbolta þar sem allt að átta geta verið saman í liði. Aðgengilegur en merkilega djúpur.

Super Mario Strikers: Battle League

Í Super Mario Strikers hefur hins vegar verið hannað nýtt sport sem er einhvers konar samsuða af ýmsum boltaíþróttum. Það er ekki bara í lagi að tudda heldur beinlínis nauðsynlegt. Nýjasti leikurinn sem er fáanlegur á Switch er aðgengilegur fyrir nýja spilara en hefur talsverða dýpt fyrir þá sem vilja kafa dýpra. Einspilunin er þó ekki upp á marga fiska svo það er nánast nauðsynlegt að spila með vinum eða í gegnum netið.

Omega Strikers

Líklega besti og minnst þekkti fjölspilunarkeppnisleikur sem er fáanlegur á Steam. Tvö þriggja manna lið etja kappi í íþrótt sem er best líkt við þythokkí. Hægt er að velja úr litríkum hóp af leikmönnum sem hver um sig hefur einhvers konar sérstöðu til að færa liði sínu. Leikirnir eru stuttir og spennandi og það væri eiginlega algjör glæpur ef þessi brýst ekki út sem næsta stóra rafíþrótt.

Bloodbowl 3

Seint á níunda áratugnum skelltu nokkrir Warhammer-nördar í nýjar reglur þar sem dvergar, orkar, álfar og menn etja kappi í amerískum fótbolta (eða einhverju nærri því lagi). Spilið varð síðar að tölvuleikjaseríu sem hefur vakið miklar vinsældir og er nýjasti leikurinn væntanlegur snemma á næsta ári. Góð skemmtun fyrir alla þá sem hafa ekki efni á fokdýrum plastfígúrum og málningu með þeim.

Eðalkrimmi!

Hér leggja saman krafta sína metsöluhöfundurinn Ragnar Jónasson og glæpasagnasérfræðingurinn Katrín Jakobsdóttir í eðalkrimma.

Í ágúst 1956 hverfur ung stúlka, Lára Marteinsdóttir, úr vist í Viðey. Eftir það spyrst ekkert til hennar. Áratugum saman hvílir mál Láru þungt á íslensku þjóð inni og engin skýring kemur fram á hvarfi hennar. Í ágúst 1986 fer ungur blaðamaður að grafast fyrir um þetta dularfulla mannshvarf með ófyrirsjáan-legum afleiðingum.

Tilboðsverð 5.599 kr. verð áður 7.999 kr.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 12. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

penninn.is
540-2000

Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson
Bóksali í 150 ár

Metsölulisti

Vikuna 30. nóvember - 06. desember



1 **Játning**
Ólafur Jóhann Ólafsson

2 **Reykjavík glæpasaga**
Ragnar Jónasson
Katrín Jakobsdóttir



3 **Kyrrþey**
Arnaldur Indriðason



3 **Eden**
Auður Ava Ólafsdóttir

5 **Hamingja þessa heims**
Sigríður Hagalín



6 **Bannað að ljúga**
Gunnar Helgason

7 **Gættu þinna handa**
Yrsa Sigurðardóttir



8 **Yule Lads**
Brian Pilkington



9 **Amma Glæpon Enn á ferð**
David Walliams



10 **Keltar**
Þorvaldur Friðriksson

Pennan Eymundsson

Sérkennilegur klæðnaður Íslendinga erlendis

Niðurstöður óformlegrar könnunar á samfélagsmiðlum benda til þess að sá fatnaður sem helst kemur upp um þjóðerni Íslendinga í útlöndum sé svartur klæðnaður í bland við flíkur frá íslenska útivistarfyrirtækinu 66°Norður.

ninarichter@frettabladid.is

Landsmenn kannast við tilfinninguna sem skapast á ferðalögum erlendis þegar Íslendingar mæta óvænt öðrum Íslendingum, ef til vill þar sem mannmergð er mikil eða utan helstu ferðamannastaða.

Þetta skapar gjarnan undarlegt andrúmsloft og sér í lagi í aðdraganda þess sem ýmist er algjör hundsun eða eitt hressilegt: „Góðan daginn, eruð þið Íslendingar?“

Það er fleira en tungumálið sem einkennir Íslendinga á ferð, og samkvæmt óformlegri könnun á Twitter, þar sem tugir svara bárust, mynduðust ákveðnar línur í þeim klæðnaði sem Íslendingar telja einkenna samlanda sína á ferðalagi erlendis. ■

Klæðnaður oftast nefndur

1. Flest atkvæði hlaut klæðnaður frá útivistarmerkinu 66°Norður.
2. Íslenska lopapeysan.
3. Svört föt, „ekknaher Íslands“.
4. Flíspeysur, „oft með nafni fyrrverandi vinnuveitanda“.
5. Inniskór með sokkum.
6. Primaloft-úlpur.
7. Svartar, þykkar leggings. „Oft við fínan kjól eða hælaskó.“
8. Michael Kors-töskur.
9. Fatnaður úr Geysi.
10. Buff.

Lopapeysan þykir benda sterklega til þess að Íslendingur sé á ferð.

Einn notandi komst svo að orði að íslenskar konur væru svo gjarnan í svörtu að tala mætti um „íslenska ekknaherinn“ þegar landinn ferðaðist erlendis.

Íslendingur sem bjó á Spáni fullyrti að Íslendingar væru eina þjóðin sem léti sjá sig í sokkum með sandölum.

Jólabarn í leit að nýjum hefðum

ninarichter@frettabladid.is

Álfgrímur Aðalsteinsson, listamaður og áhrifavaldur á TikTok, hefur sent frá sér nýtt frumsamið jólalag í annað sinn á þessu misseri. Lagið heitir Hátíð í hjarta og er hugljúf ballaða. Hann svarar nokkrum jólalegum spurningum af þessu tilefni og minnir á að jólin þurfa ekki að vera fullkomin. Álfgrímur syngur lagið og fær til liðs við sig fjölda hljóðfæraleikara. Hann samdi lagið við texta föður síns Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar.

Álfgrímur, eru fleiri jólalög á leiðinni?

„Ekki árinu sem er að líða því miður en með þessu áframhaldi verður maður kannski kominn með heila jólaplötu eftir einhvern tíma.“

Ertu mikið jólabarn?

„Ég var mikið jólabarn. Sérstaklega þegar ég var á þeim aldri þar sem hver einasti maður sem vissi af tilvist manns gaf manni jólagjöf. Núna er ég í þessu skrítna millibilsástandi þar sem ég er ekki lengur barn og það eru engin börn í nánustu fjölskyldunni, en þá er um að gera að skapa nýjar hefðir!“

Hvað er það hátíðlegasta á jólum?

„Sparistellið sem má ekki snerta nema um hátíðirnar.“

Hver er besti jólamaturinn?

„Klárlega hangikjötið! Það er eini alvöru jólamaturinn.“

Hvaða jólasiði heldur þú fast í?

„Að hlusta á jólaplötu Borgardætra á repeat og að drekka heitt súkkulaði að morgni jóladags.“

Hvað er efst á jólaóskalistanum?

„Um daginn datt mér í hug að DNA-próf hjá Íslenskri erfðagreiningu gæti verið frumleg og skemmtileg jólagjöf. Annars eru kerti og spil auðvitað alltaf klassík.“

Hvað gefur þú mörgum jólagjöf?

„Ég gef fjölskyldunni minni gjafir og mínum nánustu vinum. Kannski í kringum tíu manns.“

Hvað þurfa allir að hafa í huga á aðventunni?

„Að jólin geta verið jafn erfiður tími fyrir marga eins og hann getur verið góður fyrir aðra. Jólin þurfa líka ekki að vera fullkomin.“ ■

Álfgrímur Aðalsteinsson birti myndir af sér í yngri og jólalegri útgáfu samhliða tilkynningu um útgáfu Hátíðar í hjarta. Lagið er á Spotify.

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrir@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Kolbeinn Kolbeinsson *kolbeinn@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

TAX FREE

9.12. – 12.12.

Fellum niður jafngildi virðisaukaskatts af

öllum vörum!*

*Gildir ekki af húsgögnum, Óskaskrínum og Hay vörum

25% afsláttur

Heyrnartól þráðlaus NC svört
Tilboðsverð 14.993 kr.
Verð áður 19.990 kr.

Auk annarra góðra tilboða!

Allt utan um pakkann

30% afsláttur

Öll jólakort

30% afsláttur

30% afsláttur

Tilboðsverð 5.399 kr.
Verð áður 7.999 kr.

***Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 11% virðisaukaskatt af sölu bóka, tímarita og tónlistar & 24% af öðrum vörum.**
Öll verðlækkun (9,91% & 19,35%) er alfarið á kostnað Pennans.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Tax Free gildir til og með 12. desember og gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir ekki af húsgögnum, Óskaskrínum og Hay vöru.

penninn.is
540-2000

Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson
Bóksali í 150 ár

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar Guðmundsdóttur

Jólakveðja með lífsýni

Í byrjun desember fyrir einhverjum árum sat ég við eldhúsborð bernsku minnar með bunka af jólakortum og skrifaði „gleðileg jól og farsælt komandi ár þökkum liðið fjölskyldan Hólagötu 19 Vestmannaeyjum“. Ekkert verið að vesenast með greinaskil, kommur og hástafi.

Handskrift hundrað jólakorta kostaði blóð, svita og tár – og lagðist af með skilvirkni rafrænna jólakveðja. Skilvirkni er hins vegar ofmetin. Blóðug handskriftin hafði í það minnsta persónuleika, enda fátt persónulegra en að senda lífsýni með jólakveðjunni. Rauður er, aukinheldur, litur jólanna og ástarinnar.

Í þau tólf ár sem Jón forseti Sigurðsson dvaldi í Kaupmannahöfn sat Ingibjörg Einarsdóttir í festum og beið þolinmóð komu unnustans í eigið brúðkaup. En þau skrifuðust á allan tímann og þar hefur ekki verið töluð vitleysan. Góðir hlutir gerast hægt. Jónar og Ingibjargir okkar tíma eiga hins vegar í skilvirkum rauntímasamskiptum, með tilheyrandi hjörtum og kossakörlum. Ekkert blóð, enginn sviti, engin tár.

Skilvirknin tryggir að sendandi getur séð hvort viðtakandi hafi séð skilaboðin, „seenað“ þau. Ein dauðasynda nútímasamskipta er að seena án þess að svara. Önnur er að svara með þumli.

Gera má því í skóna að innihald þess sem tekur tíma sé með einhverjum hætti sannara. Hefði Jón forseti seenað Ingibjörgu og sent henni þumal í kjölfarið er hætt við að hún hefði leyst festar – og sent honum fingurinn með næsta skipi. ■

VERÖLD HVÍLDAR
BETRA BAK – LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTELRÚM
– HEIM TIL ÞÍN –

York eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta. Hún er fimm svæðaskipt pokagormadýna með góðum stuðningi. Einstakt pokafjöðrunarkerfi sem lagar sig að þér og tryggir rétta svefnstellingu.

SERTA YORK HEILSURÚM
(dýna, botn, gafl og lappir)

Stærð	Verð	Tilboðsverð
160 x 200 cm	424.900 kr.	336.920 kr.
180 x 200 cm	464.900 kr.	371.920 kr.
180 x 210 cm	484.900 kr.	387.920 kr.
200x200 cm	504.900 kr.	403.920 kr.

Serta 5 STAR COLLECTION
Belagio Las Vegas
Hilton
The Ritz-Carlton
Waldorf Astoria Hotel & Residences
Sheraton Hotels & Resorts
Marriott
Caesars Palace Las Vegas

FROST
Heilsuinniskór.
Verð 15.900 kr.

20%

ELEGANTE SÆNGURFÖT
El Greco. 140x200 kr.
Verð 29.900 kr.

20%

JOOP SÆNGURFÖT
Cornflower, ýmsir litir. 140x200 cm.
Verð frá 28.900 kr.
Nú frá 23.120 kr.

TIMEOUT
Hægindastóll á snúningsfæti. Tímalaus hönnun. Til í fleiri útfærslum
Verð 279.990 kr.

HORSENS
Rafdrifinn hægindastóll. Svart eða grátt gæðaleður.
Verð 269.900 kr.

20%

BOSS LORD
Kimono baðsloppur, ýmsir litir. S – XXL.
Verð frá 28.900 kr.
Nú frá 23.120 kr.

BELLA DONNA
Lök, ýmsar stærðir og litir.
Verð frá 7.900 kr.

TEMPRAKON ERGOMAGIC KODDI
Koddi með memory foam svampi og innbyggðri hitastýringu.
Verð 26.900 kr.

20%

SAMSØ DÚNSÆNG
140x200 cm. vönduð dúnsæng. Moskusdúnn. Verð 45.900 kr.
Nú 36.720 kr.

20%

LUXURY OUTLAST HITAJÖFNUNARKODDI
50x70 cm. 600g. 90% dúnn og 10% smáfiður. Verð 24.900 kr.
Nú frá 19.920 kr.

20%

VENO DÚNSÆNG
140x200 cm. 700g. 50% smáfiður, 50% hreinn andadúnn. Verð 22.900 kr.
Nú 18.320 kr.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
VEFVERSLUN www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN
Betra BAK

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.